# FRÉTTABLAÐIÐ

218. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 15. SEPTEMBER 2016




Borað fyrir boltum til bergstyrkingar í stöðvarhúshvelfingunni, 286 metra inni í fjallinu Sámsstaðaklifi, við framkvæmdir við stækkun Búrfellsvirkjunar. Sjá síðu 16 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

# Snjalltækjabörn líklega seinni til máls

**Sérfræðingar hafa áhyggjur af því að aukin notkun snjalltækja hafi áhrif á málþroska barna. Notkun foreldra breyti samverustundum úr samtali í þögn. Börnin læri ensku betur en íslensku. Prófessorar við Háskóla Íslands ætla að kanna áhrif snjalltækja á börn.**

**SAMFÉLAG** Rannsókn á stöðu íslenskunnar í stafrænu umhverfi er í bígerð þar sem meðal annars verður skoðað hvort snjalltækjavæðingin dragi úr máli legum samskiptum barna og fullorðinna annars vegar og hins vegar hvort hún leiði til aukinnar notkunar á ensku í málumhverfi barna í máltöku.

> **Til dæmis er vitað að ung börn liggi yfir Youtube og spili tölvuleiki á ensku.**
>
> Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku og annar umsjónarmanna rannsóknarinnar, segir mikilvægt að börn fái ákveðið mikið áreiti á því tungumáli sem þau læri.

„Því viljum við skoða hvort dregið hafi úr íslensku máláreiti. Það hefur margt breyst í málumhverfi barna á stuttum tíma og til dæmis er vitað að ung börn liggi yfir Youtube og spili tölvuleiki á ensku.“

Talmeinafræðingar sem Fréttablaðið ræddi við taka undir orð Eiríks. Snjalltækjanotkun og færri samverustundir með spjalli geti vel haft áhrif á málþroska, orðaforða og tengslamyndun. Einnig séu mörg dæmi um að börn, allt niður í leikskólaaldur, geti tjáð sig betur á ensku en íslensku.

„Það hefur verið bent á að þetta byrji strax hjá ungbörnum, að þau nái ekki tengslum við foreldra þar sem þau eru sífellt með símana á lofti. Til dæmis við brjóstagjöf,“ segir Þóra Sæunn Úlfsdóttir talmeinafræðingur. **– ebg /** **sjá síðu 10**

## Skerða frístund fatlaðra barna

**SKÓLAMÁL** Af hundrað börnum í Klettaskóla hafa fimmtíu ekki fengið pláss í frístund eftir skóla. Ástæðan er vöntun á starfsfólki sem ræður sig frekar í önnur störf.

Klettaskóli er sérskóli fyrir börn með þroskahömlun, væga þroskahömlun og viðbótarfatlanir. Til að koma til móts við börn á biðlistum var ákveðið að öll börn fengju pláss en aðeins þrjá daga í viku.

„Launin þykja of lág,“ segir Haraldur Sigurðsson forstöðumaður. **– ekg /** **sjá síðu 8**



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Dagur Eggertsson skrifar um arkitektúr og túrisma. 26

**SPORT** Dagný nýtur lífsins í Portland. 30

**MENNING** Siggi Sigurjóns er maður sem heitir Ove. 38

**LÍFIÐ** Unnar Helgi Daníelsson Beck setur á laggirnar kvikmyndaskóla. 50




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Austan- og suðaustanátt í dag og nokkuð vindasamt, einkum við suðurströndina en fer að lægja seinni partinn. Víða rigning, en þurrt fram eftir degi norðaustan til á landinu. Hiti 7 til 14 stig. SJÁ SÍÐU 36



Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hafnaði í fimmta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bíður með að tjá sig um prófkjörið

**STJÓRNMÁL** Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, ætlar ekki að tjá sig strax um kosningu sína í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins um helgina. Slakt gengi kvenna hefur vakið athygli en Unnur Brá hafnaði í fimmta sæti í kjördæminu. Þrír karlmenn, Páll Magnússon, Ásmundur Friðriksson og Vilhjálmur Árnason, hrepptu þrjú efstu sætin.

„Það er fundur í kjördæmisráði á sunnudaginn. Ég ætla að tjá mig fyrst við mína flokksmenn,“ sagði Unnur Brá í samtali við Fréttablaðið.

Mikið er rætt um það innan Sjálfstæðisflokksins að breyta röð frambjóðenda til að bæta hag kvenna í Suðurkjördæmi og Suðvesturkjördæmi. Kosning á listana er ekki bindandi þar sem ekki náðist fimmtíu prósenta þátttaka flokksmanna í prófkjörinu og enginn frambjóðenda náði meira en fimmtíu prósenta fylgi í kosningunni. Það er í valdi kjördæmisráðs að hafna listanum. **– snæ**

> Ég ætla að tjá mig fyrst við mína flokksmenn.
>
> Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

# Miðjuakreinin malbikuð




**Miðjuakrein Reykjanesbrautar til suðurs, frá Bústaðavegi að Breiðholtsbraut, var fræst og malbikuð í gær. Talsverðar tafir urðu á umferð vegna framkvæmdanna. Í dag verður Fjarðarhraun malbikað til suðurs en áætlað er að framkvæmdir standi yfir frá kl. 9.00 til 15.00. Gatan verður lokuð frá Hjallahrauni að Flatahrauni. Vegagerðin biðlar til vegfarenda að virða lokanir og hraðatakmarkanir við vinnusvæðin.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Grunaður um áreitni gegn fatlaðri konu

**DÓMSMÁL** Karlmaður í Vestmannaeyjum er grunaður um kynferðisbrot gegn einhverfri og greindarskertri konu í bænum. Um þrjátíu ára aldursmunur er á hinum grunaða og brotaþola.

Hæstiréttur sneri í gær við úrskurði Héraðsdóms Suðurlands og dæmdi sakborninginn í þriggja mánaða nálgunarbann. Maðurinn hafði áður sætt nálgunarbanni í þrjá mánuði gagnvart konunni en borið hafði á því að hann heimsækti hana á vinnustað hennar. Hann er meðal annars grunaður um að hafa berað sig fyrir framan hana.

Að mati Hæstaréttar er uppi rökstuddur grunur um að maðurinn hafi brotið gegn konunni. Þá taldi dómurinn að brotaþoli stæði höllum fæti gagnvart manninum og að hætt væri við því að hann bryti gegn henni aftur. **– jóe**




# Spiluðu krikket fyrir Íslands hönd í Prag

**Níu meðlimir Krikketfélags Kópavogs tóku þátt í alþjóðlegu móti sem fram fór í Prag á dögunum. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt lið keppir í krikket á alþjóðavísu. Lánsmenn þurfti til að fullmanna liðið því það vantaði tvo leikmenn.**

**ÍÞRÓTTIR** Krikketfélag Kópavogs hafnaði í fimmta sæti á sínu fyrsta alþjóðlega móti, en því lauk á þriðjudag. Keppt var í Prag, höfuðborg Tékklands, og kallast mótið Pepsi Cup. „Þetta er í fjórða skipti sem þetta er haldið. Mótið er opið fyrir klúbbum sem koma alls staðar að og hafa áhuga á að keppa og kynnast öðrum liðum,“ segir Jakob Wayne Víkingur Robertson, fyrirliði liðsins.

Eftir að hafa tapað fyrstu fjórum leikjunum sneri Krikketfélag Kópavogs genginu við og vann síðustu tvo leikina og hafnaði þar með í fimmta sætinu. „Við vorum svolítið lengi að venjast hitanum sem var yfir þrjátíu gráður og vorum að læra að spila saman sem lið. En við urðum betri og betri eftir því sem leið á mótið og hlutverk leikmanna komu betur í ljós,“ segir Jakob.

Ellefu leikmenn þarf til að manna lið en Jakob segir að félagið hafi bara náð að senda níu til Tékklands og hafi því þurft að fá leikmenn að láni. „Vonandi getum við aflað styrkja fyrir næsta ár svo við getum farið með fullt lið frá Íslandi,“ segir Jakob.

Félagið hefur verið starfrækt í um tvö ár og eru virkir meðlimir um þrjátíu. Undanfarin ár hefur félagið tekið á móti liðum frá Bandaríkjunum, Ástralíu, Bretlandi og Skotlandi. Þetta mót segir Jakob að hafi þó verið í fyrsta skipti sem íslenskt krikketlið keppir erlendis við sterk lið.

„Krikketfélag Kópavogs er stanslaust að vaxa. Miklu hraðar en ég bjóst nokkurn tímann við. Við erum nógu margir til að halda innanlandsmót og höfum verið að gera það með góðum árangri þó fjármögnun hafi verið hindrun,“ segir Jakob en um þrjátíu virkir meðlimir eru í félaginu. Jakob bendir á að áhugasamir geti haft samband á Facebook-síðu félagsins, Iceland Cricket.

Krikketsenuna á Íslandi segir hann nærri tuttugu ára gamla. Það hafi hún þó verið áhugamannasport sem komið hafði í bylgjum. „Það var ekki fyrr en við hittumst nokkrir á Klambratúni fyrir tveimur árum og ákváðum að byrja að æfa innanhúss sem þetta varð að félagi sem er virkt allan ársins hring. Öllum er velkomið að koma og prófa, óháð getu,“ segir Jakob.

thorgnyr@frettabladid.is



Að sjálfsögðu var víkingaklappið tekið í leikslok. MYND/KRIKKETFÉLAG KÓPAVOGS

> Við urðum betri og betri eftir því sem leið á mótið.
>
> Jakob Wayne Víkingur Robertson, fyrirliði Krikketfélags Kópavogs

**30** eru virkir meðlimir í Krikketfélagi Kópavogs.

blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# AFMÆLIS ÚTSALA

60 ÁRA 1956 - 2016

Bjóðum í sannkallaða útsöluveislu í tilefni 60 ára afmælis Húsasmiðjunnar

## Síðustu dagar útsölunnar

- Flísar 20-40% afsláttur
- Pottaplöntur 20-50% afsláttur
- Handverkfæri 20- 30% afsláttur
- Gjafavara Blómaval 20-50% afsláttur
- Verkfæratöskur 20-50% afsláttur
- Ljós 25% afsláttur
- Kerti 20% afsláttur
- Stanley verkfæri 20% afsláttur
- Black & Decker rafmagnsverkfæri 25% afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- DeWalt rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Álstigar og -tröppur 20% afsláttur
- Garðverkfæri 30% afsláttur
- Ryksugur 20% afsláttur
- Plastkassar 30% afsláttur
- Garðálfar 50% afsláttur
- Plastkörfur 25% afsláttur
- Straubretti 25% afsláttur
- Þvottasnúrur 25% afsláttur
- Luktir 20% afsláttur
- Valdar innihurðir frá Jeld Wen 20% afsláttur
- Nilfisk háþrýstidælur og ryksugur 20% afsláttur
- Henrad miðstöðvarofnar 20% afsláttur
- Stanley loftpressur 25% afsláttur
- Málning 20% afsláttur
- Vegg- og loftaþiljur 20% afsláttur
- Útiarinn 25% afsláttur
- Örbylgjuofnar 20% afsláttur
- Búsáhöld 25-30% afsláttur
- Fatnaður 15-20% afsláttur
- Reiðhjól 30% afsláttur
- Valdar vörur á lækkuðu verði: Frystikistur • Parket Blöndunartæki • Handlaugar

... og margt fleira!

*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslanna.






- 40% - 20% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40%

BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TIL

Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðju-blaðinu á www.husa.is

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is

# Vegagerðarmenn raska minjum um hundrað ára veg

**MINJAR** Skemmdir hafa orðið á gamla Grindavíkurveginum vegna framkvæmda við gatnamót núverandi Grindavíkurvegar og Norðurljósavegar að sögn Minjastofnunar Íslands.

Gamli Grindavíkurvegurinn var lagður á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar, frá 1914 til 1918. Hann var greiddur að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af Grindvíkingum. Vegurinn er enn sýnilegur á köflum og rústir gerða og búða vegagerðarmanna eru varðveittar. Notaðir voru hestar við byggingu vegarins.

„Rör sem „skotið“ var undir Grindavíkurveginn kemur upp í miðjum gamla veginum. Um það bil 50 metrum norðar lá gamli vegurinn yfir klöpp. Búið er að brjóta klöppina niður á um 35 metra kafla og raska þar með gamla veginum,“ segir Minjastofnun í bréfi til Vegagerðarinnar.

Fram kemur að við vettvangsskoðun hafi fulltrúi verktakans sagt að hann hefði engar upplýsingar haft um minjarnar eftir gamla veginn. „Gamla veginum verður ekki raskað meira en orðið var og ætlunin er að fjarlægja grjót ofan af þeim hluta vegarins sem hulinn var,“ segir ennfremur. Minjastofnun segist gera „alvarlegar athugasemdir“ við málið og frístunda- og menningarnefnd Grindavíkur, sem fjallaði um málið á fundi sínum, kveðst taka undir þær athugasemdir. **– gar**



**Framkvæmdir við gatnamót Norðurljósavegar og Grindavíkurvegar.** MYND/SIGGEIR F. ÆVARSSON



**Íbúafundur á Þórshöfn á þriðjudagskvöld.** MYND/ELÍAS PÉTURSSON

## Aukin trú á höfn í Finnafirði

**SKIPULAGSMÁL** „Við upplifum þetta þannig að það sé að færast aukin alvara í þessi áform,“ segir Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, um heimsókn fulltrúa Bremenports sem hafa verið að skoða uppbygginguna stórskipahafnar í Finnafirði.

Haldnir hafa verið fundir með íbúum, landeigendum og sveitarstjórnarfulltrúum Langanesbyggðar og Vopnafjarðar undanfarna daga.

„Fundirnir hafa verið mjög upplýsandi,“ segir Elías sem kveður góðan róm hafa verið gerðan að málinu. „En ég legg á það ríka áherslu að það er enginn viðskiptavinur kominn en trú þeirra á verkefninu virðist vera að aukast.“ **– gar**

**LEIÐRÉTTING:**

*Í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær kom fram að BIOEFFECT væri fyrsta íslenska varan sem seld væri í Harrods. Hið rétta er að íslenskar vörur hafa verið seldar þarna áður. Vörur Axis voru til sölu í Harrods um þriggja ára skeið, frá árinu 1986. Um var að ræða húsgagnalínu sem hönnuð var af Pétri B. Lútherssyni, húsgagna- og innanhússarkitekt, og framleidd í verksmiðju Axis. Áður en Axis hóf sölu í Harrods seldi ullarvörufyrirtækið Hilda vörur þar. Við biðjumst afsökunar á þessari rangfærslu.*

# Stjórnarandstaðan hefði getað fellt búvörusamninginn á þingi

**Búvörulög hefðu fallið á þingi ef þeir þingmenn sem sátu hjá við atkvæðagreiðsluna hefðu greitt atkvæði á móti. Atkvæði stjórnarandstöðunnar komu þingmanni Bjartrar framtíðar, sem sagði nei, mjög á óvart.**

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst þetta ótrúlegur tvískinnungur. Það kom í ljós að ef fleiri stjórnarandstöðuflokkar hefðu greitt atkvæði á móti, og kannski einhverjir stjórnarliðar sem sátu hjá, þá hefðum við getað fellt búvörusamningana,“ segir Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar.

Breytingar á búvörulögum, sem eru forsenda hinna mjög umdeildra búvörusamninga, voru samþykktar á þingi á þriðjudag. Nítján þingmenn sögðu já, sjö þingmenn sögðu nei en sextán þingmenn sem í salnum voru sátu hjá. Tólf þeirra voru þingmenn stjórnarandstöðunnar og atkvæði hefðu fallið jöfn ef sá hópur hefði hafnað samningunum. Fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sátu einnig hjá, þau Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

„Aðrir í stjórnarandstöðunni hafa leyft sér að gagnrýna ýmislegt varðandi þessa búvörusamninga en svo kemur í ljós að þeir eru í raun með þeim. Með hjásetu gáfu þeir málinu brautargengi. Það kom mér svo sem ekki á óvart með Vinstri græn því ég heyrði á málflutningi þeirra að þau voru ekkert á móti þessum búvörusamningum. En það kom mér á óvart að ýmsir hjá Samfylkingunni og Pírötum sem töluðu mjög digurbarkalega sitja svo hjá. Ég skil ekki svona afstöðuleysi í jafn stóru máli,“ segir Björt.

Sigríður Á. Andersen, þingmaður Sjálfstæðisflokks, var eini stjórnarþingmaðurinn sem hafnaði samningunum. „Ég tel að þarna sé engin tilraun gerð til að draga úr þessu ríkisstyrkta landbúnaðarkerfi. Það er annars vegar búið að semja um fjórtán milljarða beingreiðslur á ári næstu tíu árin og hins vegar er verið að tryggja, að mínu mati, hátt í þá upphæð í formi tollmúra.“

Kjósendur hafa farið mikinn í reiði sinni á samfélagsmiðlum síðustu tvo daga vegna málsins. Heimildir Fréttablaðsins herma jafnframt að þingmönnum stjórnarandstöðunnar berist ítarleg bréf og fyrirspurnir frá reiðum kjósendum vegna afstöðu þeirra í málinu.

„Við teljum eðlilegt að innlendur landbúnaður sé styrktur eins og alls staðar annars staðar er gert. Við vorum ekki ánægð með þennan samning en töldum breytingarnar sem voru gerðar á honum til bóta. Okkur fannst ekki fýsilegur kostur að núverandi samningur yrði bara framlengdur,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. Hún segir að núgildandi samningur hefði verið framlengdur um eitt ár ef nýjum búvörusamningum hefði verið hafnað.

Oddný Harðardóttir, formaður Samfylkingar, segir að þingflokkur sinn styðji ekki samningana. „Það er bara mjög algengt að gera þetta. Ef þú nærð fram einhverju eða það er eitthvað í málinu sem þú vilt ekki segja nei við, þá situr þú hjá. Við fengum í gegnum nefndarvinnuna að það yrði farið strax í endurskoðun.“

**snaeros@frettabladid.is**



### Fimm litlar staðreyndir og tölur um Búvörusamninginn

- Að meðaltali 700 milljón króna aukaframlag til landbúnaðarins á ári. Samtals nemur framlagið tæpum 14 milljörðum króna á ári.
- Tíu ára samningur með endurskoðun árið 2019 og 2023.
- Niðurfelling greiðslumarks í sauðfjárrækt á samningstímanum.
- Niðurfelling kvóta í mjólkurframleiðslu á samningstímanum.
- Háir tollar á innfluttar landbúnaðarvörur.

### Fyrsti prófsteinn forseta

Samþykkt búvörulaga á Alþingi virðist ætla að verða fyrsti prófsteininn á nýjan forseta lýðveldisins, Guðna Th. Jóhannesson. Komin er af stað undirskriftasöfnun þar sem skorað er á forseta að synja lögunum undirritunar og vísa til þjóðaratkvæðagreiðslu.



„Það er okkar skoðun að það sé með öllu ótækt að binda hendur þings og þjóðar næstu 10 árin með slíkum samningi,“ segir í textanum yfir undirskriftasöfnuninni. Þegar þetta er skrifað hafa tæplega sex hundruð manns skrifað undir.

**Það kom mér á óvart að ýmsir hjá Samfylkingunni og Pírötum, sem töluðu mjög digurbarkalega, sitja svo hjá. Ég skil ekki svona afstöðuleysi í jafn stóru máli.**

Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar







Þarftu að ráða starfsfólk?

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# FYRIRSMURNIR Á ÞARFAÞINGI

**Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum 15.–30. september.**




## 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru*

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

# Vilja afslátt af námslánum til Vestfirðinga

**Sérfræðistörf, lægra tryggingargjald fyrirtækja, bættar samgöngur og miðstöð fiskeldis eru dæmi um verkefni sem ráðast ætti í á Vestfjörðum að mati nefndar sem forsætisráðherra setti á laggirnar í júní.**

**STJÓRNSÝSLA** Lagt er til að námslán íbúa á Vestfjörðum verði lækkuð með afsláttum og íbúar svæðisins fari í lægra skattþrep, fyrirtæki fái lægra tryggingargjald en önnur og að tvenn jarðgöng verði skoðuð, Dýrafjarðargöng og Álftafjarðargöng í Ísafjarðardjúpi, samkvæmt nefnd um samfélags og atvinnuþróun á Vestfjörðum sem Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra skipaði þann 21. júní síðastliðinn.

Nefndinni var ætlað að vinna aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði í ljósi neikvæðrar byggðaþróunar í landshlutanum síðustu áratugi. Í niðurstöðum nefndarinnar kemur meðal annars fram að störf í stoðkerfi fiskeldis verði staðsett á Vestfjörðum og landshlutinn gerður að miðstöð fiskeldis. Þannig yrðu störf frá Matís, Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun og önnur rannsóknatengd starfsemi fiskeldis færð á Vestfirði.

Pétur Georg Markan, formaður Fjórðungssambands Vestfjarða, segir vinnuna hafa verið til fyrirmyndar. „Heildarhagsmunir svæðisins voru hafðir að leiðarljósi, sem grundvallar góða niðurstöðu nefndarinnar,“ segir Pétur. „Það þarf tvennt að koma til svo góður viðsnúningur náist. Hið opinbera þarf að koma af meira afli í innviðauppbyggingu á svæðinu og skoða þarf hvort ekki sé hægt að vinna betur saman, til aukinnar hagræðingar, sem myndi skila sér í betri þjónustu og meiri lífsgæðum fyrir íbúa.“

Lagt er til að afsláttur verði gefinn af námslánum og þeir sem setjast að á Vestfjörðum eftir nám njóti lægra skattþreps. Einnig að tryggingargjald verði lækkað hjá fyrirtækjum á svæðinu. Lagt er til að settur verði á fót starfshópur ráðuneyta og Byggðastofnunar til að vinna að útfærslum í málinu. Þá er lagt til að gera svæðisbundna samgönguáætlun með það að markmiði að samgöngur verði í sama horfi og annars staðar á landinu á næstu átta árum.

Ásthildur Sturludóttir, sveitarstjóri Vesturbyggðar, segir skýrsluna ágæta en meira þurfi til. „Þessi vinna er gott skref í rétta átt en mun ekki valda grundvallarbreytingu í búsetuskilyrðum á Vestfjörðum. Til þess að svo megi verða þarf að koma með mun meira fjármagn og hafa uppi mun stærri áform,“ segir Ásthildur.

**sveinn@frettabladid.is**

> **Þessi vinna er auðvitað gott skref í rétta átt en mun ekki valda grundvallarbreytingu í búsetuskilyrðum á Vestfjörðum.**



Ásthildur Sturludóttir, sveitarstjóri Vesturbyggðar

> **Hið opinbera þarf að koma af meira afli í innviðauppbyggingu.**



Pétur Georg Markan, formaður Fjórðungssambands Vestfjarða



## Vatnsheldur



Nýr fimm punda seðill var tekinn í notkun á Bretlandi í fyrradag. Seðillinn er úr plastefni en hér sést Mark Carney seðlabankastjóri dýfa einum slíkum í matarbakka. Vonast er til þess að nýju seðlarnir muni endast allt að þrefalt lengur en fyrirrennarar þeirra. Gömlu pappírsseðlarnir verða ólöglegir í maí 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ekki stefnt að því að verðleggja leit

**SAMFÉLAG** Beint framlag ríkisins til Slysavarnafélagsins Landsbjargar dugar bara fyrir brotabroti af rekstri björgunarsveita á Íslandi. Þetta segir Smári Sigurðsson, formaður Landsbjargar.

„Framlagið er rúmar 140 milljónir króna á ári. Fyrir þá upphæð eigum við að reka allar björgunarsveitirnar, 13 björgunarskip og björgunarskóla svo eitthvað sé nefnt. Síðan erum við með sjálfsaflafé, það er fjáröflun eins og neyðarkallinn og flugeldasala,“ bendir hann á.

> **Á meðan þetta er í hófi hafa þeir stutt dyggilega við bakið á okkur með því að hleypa okkar fólki frá vinnu.**



Smári Sigurðsson, formaður Landsbjargar

Smári segir vinnuveitendur á Íslandi yfirleitt hafa sýnt starfi björgunarsveitarmanna fullan skilning. „Á meðan þetta er í hófi hafa þeir stutt dyggilega við bakið á okkur með því að hleypa okkar fólki frá vinnu. Útköll hafa ekki aukist í hlutfalli við fjölgun ferðamanna en ég hef fullan skilning á því ef vinnuveitendur fara að hugsa sinn gang,“ segir Smári sem bendir á að það sé ekki stefna Landsbjargar að verðleggja leit og björgun. **– ibs**

KIA | Ábyrgð fylgir!

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is




**Kia Sportage**
Árgerð 7/2015, ekinn 37 þús km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,9 l/100 km.
**4.990.000 kr.**
41.290 kr. á mánuði*




**Kia Soul EX**
Árgerð 12/2014, ekinn 33 þús. km, dísil, 1582 cc, 128 hö, beinskiptur, eyðsla 5,2 l/100 km.
**2.990.000 kr.**
24.934 kr. á mánuði*




**Kia Sorento EX Luxury**
Árgerð 1/2015, ekinn 47 þús. km, dísil, 2199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,7 l/100 km.
**6.750.000 kr.**
55.498 kr. á mánuði*




**Kia Sorento**
Árgerð 2/2013, ekinn 72 þús. km, dísil, 2199 cc, 198 hö, sjálfskiptur eyðsla 6,7 l/100 km.
**4.990.000 kr.**
41.124 kr. á mánuði*

* Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 84 mánuði. Vextir 8,75% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,5%.
Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# OUTLET

## HOLTAGARÐAR

**TAX FREE DAGAR**

ALLAR OUTLET VÖRUR ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

# ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR

## AF YFIR 4.000 VÖRUM.

## DAGANA 15.-18. SEPTEMBER.

## EINGÖNGU Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Frístund skert hjá fötluðum börnum

**Fjörutíu starfsmenn vantar á frístundaheimili við Klettaskóla og fá börn aðeins vist í þrjá daga. Mörg eru einhverf og eiga erfitt með að daglegt líf fari úr skorðum. Forstöðumaður segir ástandið aldrei hafa verið jafn slæmt. Foreldri segir börnin eiga erfitt með óreiðuna.**

**SKÓLAMÁL** Af hundrað börnum í Klettaskóla höfðu fimmtíu ekki fengið pláss í frístund eftir skóla þegar þrjár vikur voru liðnar af skólaárinu. Klettaskóli er sérskóli fyrir börn með þroskahömlun, væga þroskahömlun og viðbótarfatlanir, svo sem einhverfu, blindu, heyrnarleysi og alvarlega hreyfihömlun.

Til að koma til móts við þau fimmtíu börn sem eru á biðlistum hefur forstöðumaður brugðið á það ráð að hafa svokallað veltukerfi. Það þýðir að öll börn fá pláss en eingöngu þrjá daga í viku. Þetta er mikið álag á fjölskyldurnar enda benda foreldrar á að mörg þessara barna eigi erfitt með að rútínu þeirra sé raskað.

„Mörg barnanna eru með einhverfu og eiga mjög erfitt með að daglega lífið fari úr skorðum. Þar að auki eru möguleikar foreldra þessara barna á að sameinast um eftirlit eða pössun, nær engir,“ segir Páll Guðbrandsson, faðir drengs í skólanum.



> En verst er þetta fyrir börnin, þetta eykur streitu enda eiga mörg börnin erfitt með að skilja hvað er í gangi.
>
> Páll Guðbrandsson, foreldri barns í Klettaskóla

Páll segist mæta miklum skilningi hjá sínum vinnuveitanda en því miður séu ekki allir í þeirri stöðu. „En verst er þetta fyrir börnin, þetta eykur streitu enda eiga mörg börnin erfitt með að skilja hvað er í gangi. Þetta er bara neyðarástand og það þarf aukna fjármögnun til að bregðast við þessu.“

Haraldur Sigurðsson, forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýrar, tekur undir orð Páls. „Ástandið er ekki gott. Það hefur satt best að segja aldrei verið svona slæmt,“ segir hann. Auglýst hafi verið eftir fólki frá því síðasta vor og allar mögulegar leiðir notaðar. Reynt sé að ná til háskólafólks enda henti starfið með námi og sé þar að auki afar gefandi og skemmtilegt.

„En launin þykja of lág. Fólki bjóðast önnur störf, til dæmis í veitingageiranum og störf tengd ferðamennsku. Síðustu daga höfum við meira að segja verið að missa frá okkur fólk sem ætlaði að vera hjá okkur í vetur.“



Frá skólastarfinu í Klettaskóla en 106 nemendur stunda þar nám. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ástandið er ekki gott. Það hefur satt best að segja aldrei verið svona slæmt.
>
> Haraldur Sigurðsson, forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýrar



Til að bregðast við sárri neyð þeirra barna og foreldra sem ekki höfðu pláss var ákveðið að stytta vistunartíma en veita öllum börnum pláss. Það sé þó vissulega erfitt fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem voru komin með vistun fimm daga vikunnar, að missa tvo daga úr vikunni.

Haraldur segist dást að jákvæðni og baráttu foreldranna. „Samstarfið er frábært. Foreldrarnir hafa reynt að hjálpa og finna starfsfólk en það gengur illa. En auðvitað er þetta vond staða því foreldrar hafa engin önnur úrræði. Sumir standa frammi fyrir því að missa vinnuna enda vinnuveitendur orðnir langþreyttir á að taka svona mikið tillit til þeirra út af svona vandræðum.“

erlabjorg@frettabladid.is


Morgunverðarfundur á vegum Samtaka ferðaþjónustunnar og samtaka og fyrirtækja í landbúnaði

OPNUM AUGU OKKAR FYRIR MENNINGARLANDSLAGINU

Samspil atvinnuvega við þróun sveitamenningar og sjálfbærrar ferðaþjónustu

Dagskrá

Ávarp: Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála

Erindi: Sýn Norðmanna á þýðingu menningarlandslags
Katrina Rönningen, rannsóknarprófessor við Háskólann í Þrándheimi

Sauðfjárrækt og ferðaþjónusta
Hjalti Jóhannesson, aðstoðarforstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri

Ferðaþjónustubóndinn og sveitamenningin
Sigurlaug Gissurardóttir, stjórnarformaður Félags ferðaþjónustubænda

Lokaorð: Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Samtaka sauðfjárbænda
Fundarstjóri: Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Fundarstaður: Hvammur, Grand Hótel Reykjavík
Fundartími: Föstudag 16. september nk. kl. 08:30 – 10:30

Nánari upplýsingar, skráningu og streymi frá ráðstefnunni má finna á vefsíðu Samtaka ferðaþjónustunnar, www.saf.is.



Ragnheiður Elín Árnadóttir · Katrina Rönningen · Hjalti Jóhannesson · Sigurlaug Gissurardóttir · Svavar Halldórsson · Helga Árnadóttir

„Hugtakið menningarlandslag er áberandi í norrænni og evrópskri umræðu þegar rætt er um þau spor sem maðurinn skilur eftir sig í landinu og í hugum þeirra sem um landið fara. Með því að lesa í menningarlandslagið er unnt að vísa veginn til framtíðar af trúmennsku við það sem er sígilt og sjálfbært.“


# Ólöglegar hömlur á innflutningi á eggjum

**LANDBÚNAÐUR** Íslensk löggjöf um innflutning á vörum úr eggjum og mjólk frá öðrum EES-ríkjum er ekki í samræmi við EES-samninginn. Þetta er niðurstaða rökstudds álits sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sendi frá sér í gær.

Íslensk löggjöf felur í sér innflutningstakmarkanir á hráum eggjum og vörum úr þeim sem og ógerilsneyddri mjólk og mjólkurvörum.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, tekur undir þetta álit. „Hér á landi gildir sama heilbrigðislöggjöf og í öðrum ríkjum EES-svæðisins. Þær vörur sem hér um ræðir hafa staðist allar heilbrigðiskröfur í framleiðslulandinu og því sömu kröfur og gerðar eru hér. Þetta á einnig við um innflutning á fersku kjöti,“ segir Ólafur.

Vörur úr eggjum og mjólk sem viðskipti eru með innan Evrópska efnahagsvæðisins lúta nákvæmum reglum um heilbrigðiseftirlit í framleiðsluríkinu. Sambærilegur dómur hefur fallið hjá EFTA-dómstólnum um ferskt kjöt en íslensk stjórnvöld draga enn lappirnar hvað það varðar. ESA rekur samningsbrotamál gegn Íslandi vegna innflutnings á hráu kjöti. **– sa**

> Þær vörur sem hér um ræðir hafa staðist allar heilbrigðiskröfur í framleiðslulandinu og því sömu kröfur og gerðar eru hér.
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



# Grænt ljós á kjúklingabú

**IÐNAÐUR** Byggðarráð Rangárþings ytra hefur heimilað áframhaldandi vinnu við nýtt deiliskipulag vegna áformaðs 60 þúsund fugla umdeilds kjúklingabús á Jarlsstöðum.

Fram kom í byggðarráðinu að rannsókn sem gerð var að kröfu Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps leiddi í ljós að ekki væri talin hætta á mengun í grunnvatn. Komið hafi verið til móts við athugasemdir sem snúi að mengunar- og umhverfismálum. Því sé beint til framkvæmdaaðilans að haga litavali þannig að sem minnst beri á húsinu.

„Fyrirhuguð staðsetning hússins er að öðru leyti vel innan marka reglugerða um fjarlægðir og telur nefndin því að ekki sé tilefni til annars en að heimila umsækjanda að halda áfram gerð deiliskipulagsins.“ **– gar**



Í kjúklingabúi. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR


BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
ARMANI
COLLEZIONI
Van Gils
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
Stenströms
TINO COSMA
LLOYD
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40-50%
afsláttur
af öllum herravörum
Mikið úrval
af kvenvörum frá
BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
HUNKYDORY
STOCKHOLM
60%
afsláttur
af öllum kvenvörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

# Áhyggjur af máltöku snjalltækjabarna

**Talmeinafræðingar, leikskólastjórar og íslenskufræðingar hafa orðið varir við hægari málþroska og minni orðaforða hjá börnum. Segja snjalltæki ekki mega koma í stað samverustunda. Rannsókn um málfræðileg áhrif stafrænna miðla og tækninýjunga er í undirbúningi.**



Þriggja ára gömul rannsókn sýnir að tvö prósent barna byrja að nota netið fyrir þriggja ára aldur. Aukin netnotkun síðustu þrjú ár benda til að hlutfallið hafi hækkað. NORDICPHOTOS/GETTY

**SAMFÉLAG** Aukin notkun snjalltækja hefur hættur í för með sér fyrir íslenskuna. Annars vegar er hætta á að snjalltækjavæðingin dragi úr mállegum samskiptum barna og fullorðinna og hins vegar að hún leiði til aukinnar notkunar ensku í málumhverfi barna á máltökuskeiði.

Svona hefst grein Sigríðar Sigurjónsdóttur, prófessors í íslensku, um snjalltækjavæðingu og máltöku íslenskra barna sem birtist í vefritinu Hugrás. En Sigríður, ásamt Eiríki Rögnvaldssyni prófessor, hefur fengið styrk frá Rannsóknarsjóði til að kanna stöðu íslenskunnar í stafrænu umhverfi.

Eiríkur segir tilfinningu margra vera að áhrif snjalltækja og tækni séu mikil á máltökuna en engar rannsóknir séu til um það.

„Við viljum til að mynda skoða hvort dregið hafi úr íslensku máláreiti hjá börnum. Því til þess að börn læri tungumál, þá þurfa þau ákveðið mikið áreiti á því máli. Við þykjumst vita að það sé margt í málumhverfi barna sem hafi breyst á stuttum tíma. Ung börn sem liggja yfir Youtube og gagnvirkir tölvuleikir þar sem enska er töluð gætu haft mikil áhrif.“

Eiríkur segir að annars vegar verði kannað hversu mikill þrýstingur komi frá enskunni á málið en einnig hvort viðnám íslenskunnar hafi minnkað. „Þar sem hún er mögulega ekki notuð jafn mikið, vegna minni samskipta.“

Notkun snjalltækja hefur aukist verulega á Íslandi síðustu ár og þá sérstaklega meðal yngri barna. Í SAFT-könnun frá 2013 kom í ljós að 62 prósent íslenskra barna byrji að nota netið fimm til átta ára, tæp 12 prósent þriggja til fjögurra ára og tvö prósent eru yngri en þriggja ára. Sigríður bendir á í grein sinni að mikil notkun snjalltækja hafi mikil áhrif á samverustundir fjölskyldna á kostnað mállegra samskipta. En málleg samskipti séu nauðsynleg forsenda máltöku.

Talmeinafræðingar sem Fréttablaðið ræddi við tóku undir þessar áhyggjur íslenskufræðinganna. Þó sé alls ekki víst hvort börn þrói frekar með sér málröskun vegna þessa en að snjalltækjanotkun og færri samverustundir geti vel haft áhrif á málþroskann, orðaforða og tengslamyndun. Einnig séu mörg dæmi um að börn geti tjáð sig betur á ensku en íslensku.

**Við viljum til að mynda skoða hvort dregið hafi úr íslensku máláreiti hjá börnum. Því til þess að börn læri tungumál, þá þurfa þau ákveðið mikið áreiti á því máli.**



Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku

Þórunn Halldórsdóttir, formaður Félags talmeinafræðinga á Íslandi, segir talmeinafræðinga vinna mikið með framburðarvandamál og málþroska barna á leik- og grunnskólaaldri. En bið eftir aðstoð talmeinafræðinga er 12 til 18 mánuðir.

**Það þarf að velja allan skjátíma af kostgæfni. Er maður að leyfa þeim að fara í tölvuna til að eyða tíma eða til að læra af því? Allur skjátími er ónýtur tími ef hann hefur ekkert markmið.**



Þóra Sæunn Úlfsdóttir, talmeinafræðingur

Leikskólastjóri með áratuga reynslu sem Fréttablaðið ræddi við staðfesti þetta og sagði mun fleiri börn vera sein til máltöku í dag en áður og þurfa aðstoð talmeinafræðings.

„Það eru engar rannsóknir sem styðja þessar vangaveltur en auðvitað hafa samskipti í samfélaginu breyst á síðustu árum. Við sjáum aftur á móti klárlega að orðaforði eldri barna er að breytast og það er tilfinning margra talmeinafræðinga að íslenskur orðaforði sé orðinn minni,“ segir Þórunn.

Anna Ósk Sigurðardóttir er talmeinafræðingur í Miðgarði, þjónustumiðstöð í Grafarvogi, sem þjónustar öll leikskóla- og grunnskólabörn í hverfinu. Hún segist mest verða vör við áhrif enskunnar á máltökuna. „Mjög ung börn eru farin að horfa á efni á Youtube. Alveg niður í fjögurra ára gömul. Ég veit ekki hvort það hafi slæm áhrif á málþroskann, en við gætum sannarlega verið að týna íslenskunni.“

Þóra Sæunn Úlfsdóttir talmeinafræðingur segist heyra frá mörgum áttum af áhyggjum varðandi málþroska ungra barna. „Það hefur verið bent á að þetta byrji strax hjá ungbörnum, að þau nái ekki tengslum við foreldra þar sem þau eru sífellt með símana á lofti. Til dæmis við brjóstagjöf,“ segir hún en hún hefur undanfarið fundað með mörgum leikskólastjórum sem hafa sömu sögu að segja. „Mörgum finnst foreldrar vera of mikið með tækin í kringum börnin sín í stað þess að eiga samskipti. Sumir hafa brugðið á það ráð að biðja foreldra að vera ekki í símanum þegar þeir sækja börnin.“

Þóra bendir á að bæði foreldrar og börn verji miklum tíma í tækjunum en að foreldrar séu vissulega fyrirmyndin. „Það þarf að velja allan skjátíma af kostgæfni. Er maður að leyfa þeim að fara í tölvuna til að eyða tíma eða til að læra af því? Allur skjátími er ónýtur tími ef hann hefur ekkert markmið.“

**erlabjorg@frettabladid.is**






## Breytt viðhorf dómara til Barnahúss

**BARNAVERND** Bretar hafa í hyggju að opna tvö barnahús að íslenskri fyrirmynd. Í slíkum húsum fá börn sem hafa þolað kynferðisofbeldi stuðning og þar tekur sérfræðingur skýrslur af barninu sem notaðar eru fyrir dómi.

Amber Rudd, innanríkisráðherra Breta, segir í viðtali við BBC að markmiðið með opnun barnahúsanna sé að læra af þeim kynferðisbrotahneykslismálum sem Bretar hafi upplifað í fortíðinni.

Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, segir við Fréttablaðið að breskar sendinefndir hafi komið hingað tvisvar á rúmu ári. Fyrst sérfræðingar frá Kings College í Lundúnum. Síðar kom fjölmennari sendinefnd með fulltrúum frá ráðuneytinu, umboðsmanni barna, saksóknaraembættinu og fleiri embættum.

Bragi segir að nú þegar hafi barnahús að íslenskri fyrirmynd verið opnuð á öllum Norðurlöndunum. Í sex öðrum ríkjum sé opnun slíkra barnahúsa í undirbúningi eða ákvörðun um hana verið tekin.

Barnahús hér á Íslandi hefur starfað frá 1998 eða í átján ár. Á fyrri árum voru dómarar tregir til að nýta sér starfsemi hússins fyrir skýrslutöku en Bragi segir að sú staða sé gjörbreytt. „Þetta er orðin viðurkennd aðferð af hálfu íslenskra dómara og hefur verið síðustu tvö til þrjú árin,“ segir hann. Ástæðan sé fyrst og fremst sú að það hafi orðið kynslóðaskipti hjá dómurum. „Það eru komnar yngri kynslóðir dómara sem hafa frjálslyndari viðhorf,“ segir hann.



Barnahús hefur verið rekið síðan 1998 á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bragi segir að það hafi orðið ör þróun í barnarétti á síðari árum. Dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hafi leitt í ljós að fjallað er um réttindi barna í sakamálum í þessum dómsúrlausnum með skýrum hætti. „Við sjáum í dómaframkvæmdinni að Mannréttindadómstóllinn vill að það sé tekið tillit til sérstöðu barnanna,“ segir Bragi. **– jhh**




*Gildir út sunnudag
*Gildir í barna og dömudeild

Finndu okkur á facebook

OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## Punktar úr loforðalista Junckers



**Sameiginleg yfirstjórn herja**

Juncker segir að Evrópuríkin þurfi að herða sig, ekki síst í varnarmálum. Þess vegna þurfi að samhæfa hernaðarstarfsemi aðildarríkjanna. Undanfarin áratug hafi aðildarríkin tekið þátt í meira en 30 aðgerðum erlendis á vegum Evrópusambandsins, en erfitt sé að sinna þeim vel þegar varanlegt skipulag vantar: „Við erum með aðskildar höfuðstöðvar fyrir samhliða aðgerðir, jafnvel þótt þær séu í sama landi eða sömu borginni. Það er kominn tími til þess að hafa sameiginlegar höfuðstöðvar fyrir þessar aðgerðir.“



**Breytingar á Dyflinnarreglugerðinni**

Hraðað verði breytingum á sameiginlegu verndarkerfi Evrópusambandsins. Þar á meðal er stefnt að breytingum á Dyflinnarreglugerðinni, sem hefur að mestu sett ábyrgðina á úrvinnslu hælisumsókna á þau aðildarríki sem flóttafólk kemur fyrst til. Samræma eigi aðstæður flóttafólks í aðildarríkjunum, taka af örlæti á móti þeim sem mest eru þurfandi en taka harðfram hart á misnotkun.




**Skattur á stórfyrirtæki**

Breytingar verði gerðar á skattkerfinu, bæði til að bæta viðskiptaumhverfi fjölþjóðafyrirtækja en einnig til að tryggja að skattlagning á stórfyrirtæki verði bæði sanngjörn og árangursrík. „Öll fyrirtæki ættu að greiða skatta í þeim löndum þar sem ágóði þeirra verður til,“ sagði Juncker. Meðal annars verði sett upp sameiginlegt virðisaukaskattsvæði í aðildarríkjunum sem komi í veg fyrir skattsvik. Auk þess verði hraðað framkvæmdum á tilskipun um gagnsæi fyrirtækjaskatta.



**Sanngjarnara myntsamstarf**

Juncker segir að ljúka þurfi uppbyggingu Efnahags- og myntbandalags Evrópusambandsins með því að efla bæði pólitískt og lýðræðislegt samstarf. Á næsta ári verði lögð fram Hvítbók um framtíðarfyrirkomulag þess og þessar breytingar verði teknar upp í löggjöf Evrópusambandsins. Þá þurfi að hraða innleiðingu nýrrar innistæðutryggingatilskipunar og draga úr áhættu í bankakerfinu. Enn fremur verði stefnt að nýrri Evrópustoð félagslegra réttinda, þar sem meðal annars verði reynt að tryggja jafnvægi milli atvinnuþátttöku og einkalífs.



**Áhersla á loftslagsmál**

Juncker vill að bæði Evrópusambandið og aðildarríki þess drífi sig sem fyrst í að staðfesta loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna sem gerður var í París. „Skynsamlegri orkunotkun og metnaðarfullar loftslagsaðgerðir skapa ný störf og hagvöxt,“ segir Juncker. Þetta sé besta fjárfestingin í framtíð Evrópu og nútímavæðingu efnahagslífsins. „Parísarsamkomulagið er lokatækifærið til að afhenda framtíðarkynslóðum meiri stöðugleika, heilbrigðari jörð, sanngjarnari samfélög og meiri velsæld.“



**Efla nettengingar og höfundarrétt**

Juncker boðar breytingar á umhverfi stafrænnar þjónustu, þannig að allir geti komist á háhraðanet hvar sem er. Ókeypis netaðgangur verði að veruleika í þéttbýlisstöðum strax árið 2020. Þá eigi að tryggja listafólki og rithöfundum greiðslu fyrir verk sín: „Ég vil að blaðamenn, útgefendur og höfundar fái sanngjarnar greiðslur fyrir verk sín, hvort sem þau eru gerð í upptökustofum eða á heimilum, hvort sem þeim er dreift á netinu eða utan netsins, og hvort sem þau eru birt með ljósritunarvél eða tengd í hlekk á netinu,“ segir Juncker.

# Juncker kynnir loforðalistann sinn

**Vill meðal annars hraða framkvæmd hugmynda um sameiginlegan her Evrópusambandsins. Lofar einnig ókeypis netaðgangi á öllum helstu þéttbýlissvæðum Evrópu. Nigel Farage sagði leiðtoga Evrópusambandsins ekkert hafa lært af úrsögn Bretlands.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, flutti hina árlegu stefnuræðu sína í þingsal Evrópusambandsins í Strassborg í gær.

Þar fór hann yfir þær breytingar, sem hann telur helst þurfa að gera á starfsemi Evrópusambandsins á næstunni. Ræðan var að meginuppistöðu langur listi yfir loforð og hugmyndir um breytingar sem gera þurfi í ljósi þeirra erfiðleika sem sambandið stendur nú frammi fyrir.

Hann hóf mál sitt með því að segja að ástandið væri langt frá því gott. Satt að segja myndi hann ekki eftir því að aðildarríkin hafi áður átt jafn erfitt með að starfa saman.

„Aldrei áður hef ég heyrt svo marga leiðtoga tala aðeins um innanríkisvandamál sín, en minnast aðeins á Evrópusambandið í framhjáhlaupi, eða jafnvel alls ekki,“ sagði hann. „Aldrei hef ég séð stjórnir aðildarríkjanna jafn veikluð af völdum lýðskrumsafla og lamaðar vegna hættunnar á ósigri í næstu kosningum.“

Hann sagði Evrópusambandið standa frammi fyrir mörgum erfiðum verkefnum, og nefndi þar mikið atvinnuleysi, félagslegt ójafnræði, og gífurlega skuldabyrði. Einnig verði hægara sagt en gert að aðlaga flóttafólk samfélaginu, auk þess sem ýmsar hættur steðji að bæði heima fyrir og utan Evrópu.

Nú þurfi Evrópusambandið að taka sig saman í andlitinu, og þá með því að að leiðtogar þess taki til hendinni: „Er þetta ekki rétti tíminn til að bretta upp ermarnar og tvöfalda eða þrefalda viðleitni okkar til verka?“



Jean-Claude Juncker flutti árlega stefnuræðu sína á þingi Evrópusambandsins í gær. Á morgun hittir hann leiðtoga aðildarríkjanna á fundi í Bratislava. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Aldrei hef ég séð stjórnir aðildarríkjanna jafn veikluð af völdum lýðskrumsafla og lamaðar vegna hættunnar á ósigri í næstu kosningum.**
>
> Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

> **Þið hafið ekkert lært af úrsögn Bretlands.**
>
> Nigel Farage, fyrrverandi leiðtogi breska UKIP-flokksins

Meðal annars segir Juncker mikilvægt að hrinda sem fyrst í framkvæmd hugmyndum um sameiginlegan herafla Evrópusambandsins. Byrjað verði á að koma upp sameiginlegum höfuðstöðvum til að samhæfa hernaðaraðgerðir aðildarríkjanna.

Hann tók þó fram að Evrópusambandið væri ekki sambandsríki Evrópu: „Evrópusambandið okkar er miklu flóknara en svo. Það væru mistök að líta fram hjá þessum flókna veruleika þannig að við fyndum ekki réttu lausnirnar.“

Evrópusambandið sé einungis starfhæft ef allar stofnanir þess og aðildarríkin stefni í sömu átt.

„Evrópubúar vilja áþreifanlegar lausnir á þeim vandamálum sem við er að etja,“ sagði hann. „Þeir vilja meira en loforð, ályktanir og niðurstöður leiðtogafunda. Þeir hafa heyrt þær og séð of oft.“

Juncker varaði fólk þó við því að búast við of miklu af forystu Evrópusambandsins: „Við eigum að átta okkur á því að við getum ekki leyst öll okkar vandamál með einni ræðunni enn. Eða með einum leiðtogafundi til viðbótar.“

Nigel Farage, fyrrverandi leiðtogi breska UKIP-flokksins, var í salnum og hristi bara hausinn: „Þið hafið ekkert lært af úrsögn Bretlands.“


Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 16. september gefur Íslandspóstur út þrjár frímerkjaraðir og eina smáörk. Efni frímerkjanna er tileinkað RÚV sjónvarpi 50 ára, lífríki hafsbotnsins við landið og villtum gróðri. Smáörkin er tileinkuð því að 80 ár eru frá því að franska rannsóknaskipið Pourquoi-Pas? fórst á skerinu Hnokka út af Álftanesi á Mýrum í Borgarfirði.




Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.
Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN

Nilfisk

TILBOÐ
15.-26. sept.

NILFISK SELECT
45.520 kr.
VERÐ ÁÐUR: 56.900 kr.
Vnr. 112624






NILFISK ONE
Vnr. 114063
20.860 kr.
VERÐ ÁÐUR: 29.800 kr.



NILFISK BRAVO PET
Vnr. 113016
27.860 kr.
VERÐ ÁÐUR: 39.800 kr.

# Nilfisk-dagar í Rekstrarlandi

## NILFISK ER NAUÐSYN Á HEIMILIÐ

Nú fæst Nilfisk í Rekstrarlandi og því bjóðum við Nilfisk ryksugur á einstöku kynningarverði. Danska vörumerkið Nilfisk þekkja flestir, gæðaryksugurnar sem hafa þjónað íslenskum heimilum dyggilega í áratugi. Skoðaðu Nilfisk og úrval af frábærum fylgihlutum, hausa, barka og ryksugupoka. Það ættu allir að eiga Nilfisk ryksugu.

Rekstrarland er opið alla virka daga, kl. 9-18.




HAUSAR, BARKAR OG RYKSUGUPOKAR

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 108 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 163938

markhönnun ehf

# nettó



**HEILSU OG LÍFSSTÍLSBLAÐ NETTÓ**

120 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG FRÁBÆRUM TILBOÐUM

# OFURTILBOÐ Í 11 DAGA!

**EITT OFURTILBOÐ Á HVERJUM DEGI Í 11 DAGA. SKOÐAÐU TÖFLUNA HÉR AÐ NEÐAN TIL AÐ SJÁ HVAÐ ER Í BOÐI.**
HVERT TILBOÐ GILDIR Á TILGREINDUM DEGI EN AÐRA DAGA ERU SÖMU VÖRUR Á ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI.

## FIMMTUDAGUR 15. SEPT
*Tilboð dagsins*



40% AFSLÁTTUR

**NATURE CROPS BOLLASÚPA**
3 BRAGÐTEGUNDIR
~~VERÐ ÁÐUR: 299 KR/PK~~
**40% | 179 KR/PK**

## FÖSTUDAGUR 16. SEPT
*Tilboð dagsins*



40% AFSLÁTTUR

**BERRY COMPANY SAFI M. GOJIBERJUM - 330 ML**
~~VERÐ ÁÐUR: 179 KR/STK~~
**40% | 107 KR/STK**

## LAUGARDAGUR 17. SEPT
*Tilboð dagsins*



40% AFSLÁTTUR

**ÄNGLAMARK SMOOTHIE MIX**
~~VERÐ ÁÐUR: 179 KR/PK~~
**40% | 107 KR/PK**

## SUNNUDAGUR 18. SEPT
*Tilboð dagsins*



40% AFSLÁTTUR

**GIMME ÞARASNAKK M. SJÁVARSALTI**
~~VERÐ ÁÐUR: 798 KR/PK~~
**40% | 479 KR/PK**

## MÁNUDAGUR 19. SEPT
*Tilboð dagsins*

**NOW ADAM EÐA EVE MULTIVÍTAMÍN - 90 STK**
NOW OMEGA-3, 1.000 MG FYLGIR FRÍTT MEÐ
**3.299 KR/PK + KAUPAUKI**



EÐA + FRÍTT MEÐ

KAUPAUKI

## ÞRIÐJUDAGUR 20. SEPT
*Tilboð dagsins*



40% AFSLÁTTUR

**VIT HIT LEAN & GREEN - 500 ML**
~~VERÐ ÁÐUR: 269 KR/PK~~
**40% | 161 KR/PK**

## MIÐVIKUDAGUR 21. SEPT
*Tilboð dagsins*



33% AFSLÁTTUR

**HIMNESK HOLLUSTA GRÓFAR HAFRAFLÖGUR - 1 KG**
~~VERÐ ÁÐUR: 529 KR/PK~~
**33% | 354 KR/PK**

## FIMMTUDAGUR 22. SEPT
*Tilboð dagsins*



33% AFSLÁTTUR

**HIMNESK HOLLUSTA RÍSKÖKUR**
3 TEGUNDIR
~~VERÐ ÁÐUR: 299 KR/PK~~
**33% | 200 KR/PK**

## FÖSTUDAGUR 23. SEPT
*Tilboð dagsins*



35% AFSLÁTTUR

**HIMNESK HOLLUSTA GRÓFT HNETUSMJÖR - 250 G**
~~VERÐ ÁÐUR: 359 KR/PK~~
**35% | 241 KR/PK**

## LAUGARDAGUR 24. SEPT
*Tilboð dagsins*



33% AFSLÁTTUR

**ISOLA MÖNDLUMJÓLK - 1 L**
~~VERÐ ÁÐUR: 479 KR/STK~~
**33% | 321 KR/STK**

## SUNNUDAGUR 25. SEPT
*Tilboð dagsins*



40% AFSLÁTTUR

**NAKD NIBBLES - 40 G TOOTY FRUITY**
~~VERÐ ÁÐUR: 179 KR/PK~~
**40% | 107 KR/PK**

**Tilboðin gilda 15. – 25. september 2016**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ALLT AÐ

**25%**

**AFSLÁTTUR**

AF HEILSU- & LÍFSSTÍLSVÖRUM

# HEILSU & **LÍFSSTÍLSDAGAR**

15. - 25. SEPTEMBER




**-60%**

TAKMARKAÐ **MAGN**

**KJÚKLINGALUNDIR - 700 G**

VERÐ ÁÐUR: 1.689 KR/PK

**676 KR/PK**

**25% AFSLÁTTUR**

AFSLÁTTUR AF VÍTAMÍNUM OG BÆTIEFNUM




**15%**

**AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM ÄNGLAMARK VÖRUM

coop ÄNGLAMARK




HIMNESK HOLLUSTA

**25%**

**AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ HIMNESKRI HOLLUSTU




**KYNNINGAR Í VERSLUNUM NETTÓ Í DAG 15. SEPTEMBER:**

- **NETTÓ GRANDA - KL. 16-19**
  GEOSILICA
- **NETTÓ KROSSMÓA - KL. 14-18**
  WHOLE EARTH HNETUSMJÖR OG AMISA BÓGHVEITI
- **NETTÓ KROSSMÓA - KL. 20-21:30**
  HEILSUKVÖLD NETTÓ MEÐ ÁSDÍSI GRASALÆKNI
- **NETTÓ MJÓDD - KL. 16-18**
  RAGGA NAGLI
- **NETTÓ MJÓDD - KL. 15-18**
  BAI DRYKKIR OG GIMME SNAKK

**25% AFSLÁTTUR**




**25% AFSLÁTTUR**




**15% AFSLÁTTUR**





Aðrennslisskurðurinn verður 370 metra langur. Hann mun veita vatni úr Bjarnalóni niður um 110 metra löng fallgöng að stöðvarhúsi inni í fjallinu.



Lofthæð stöðvarhússhvelfingarinnar er nú um 10 metrar. Þegar bergstyrkingu er lokið í hvelfingunni verður grafið 30 metra niður svo koma megi stöðvarhúsinu fyrir.

# Búrfellsvirkjun stækkuð



Stefán Karlsson
stefank@365.is
ljósmyndari

Stækkun Búrfellsvirkjunar stendur nú yfir af fullum krafti við Sámsstaðaklif. Framkvæmdir hófust í vor, en þær miða að því að auka afl virkjunarinnar úr 270 MW í 370 MW. Þar starfa nú um 140 manns, en áætluð gangsetning er í maí 2018. Heildarkostnaður stækkunarinnar er áætlaður um 16 til 17 milljarðar króna. Ljósmyndari Fréttablaðsins heimsótti svæðið í upphafi síðustu viku og festi á filmu það sem fyrir augun bar.



Starfsmenn virða fyrir sér efsta hluta hvelfingarinnar sem er 286 metra inni í Sámsstaðaklifi.



Munni aðkomuganga stöðvarhússins. Raninn sem liggur út úr göngunum er hluti af lofttræstikerfi sem er notað til að tryggja loftgæði fyrir þá sem starfa inni í þeim.

# SAMSUNG

# Tölvuskjáir og prentarar

**Í Samsung Setrinu, Síðumúla 9, eru einungis seldar vörur frá Samsung.**
**Vörurnar frá Samsung eru misþekktar, en allar eiga það sameiginlegt að vera í hæsta gæðaflokki.**
**Líttu við í Síðumúlanum og leyfðu okkar mönnum að sýna þér Samsung.**



**Samsung**
**24" PLS tölvuskjár**
LS24E390HLEN
Upplausn: FullHD 1920 x 1080
Birta: 250 cd/m2
Svartími: 4 ms
**Verð: 39.900,- kr**



**Samsung**
**24" hvítur tölvuskjár með þráðlausri hleðslu fyrir snjallsíma**
LS24E370DL/EN
Upplausn: FullHD 1920 x 1080
Birta: 250 cd/m2
Svartími: 4 ms
**Verð: 39.900,- kr**



**Samsung**
**27" TFT tölvuskjár**
LS27F350FHUXEN
Upplausn: FullHD 1920 x 1080
Birta: 250 cd/m2
Svartími: 4 ms
**Verð: 49.900,- kr**



**Samsung**
**27" Curved tölvuskjár**
LS27F390FHUXEN
Upplausn: FullHD 1920 x 1080
Birta: 250 cd/m2
Svartími: 4 ms (grár til grár)
**Verð: 59.900,- kr**



**Samsung**
**SL-M2026 prentari svarthvítt**
Allt að 20 bls á mínútu
Upplausn: 1200 x 1200 dpi
Pappírsbakki: 150 blöð
Þráðlaus nettenging
**Verð: 17.900,- kr**



**Samsung**
**SL-C430 litaprentari**
Allt að 18 bls á mínútu
Upplausn: 2400 x 600 í lit
Pappírsbakki: 150 blöð
Þráðlaus nettenging
**Verð: 39.900,- kr**



**Samsung**
**CLP-415N litaprentari**
Allt að 18 bls á mínútu
Upplausn: 9600 x 600 í lit
Pappírsbakki: 250 blöð
**Verð: 49.900,- kr**



**Samsung**
**Express C1860 litaprentari / fjölnotatæki**
**Prentari-skanni-ljósritunarvél og fax**
Allt að 18 bls á mínútu
Upplausn: 9600 x 600 í lit
Pappírsbakki: 250 blöð
Þráðlaus nettenging
**Verð: 89.900,- kr**




## Við hjálpum þér að ná athygli !

**SPENNANDI, SNJALLIR OG FALLEGIR UPPLÝSINGA-, AUGLÝSINGA- OG SNERTISKJÁIR**

**• HÓTEL • VEITINGASTAÐIR • VERSLANIR • VERSLUNARMIÐSTÖÐVAR • FLUGSTÖÐVAR**
**• UMFERÐAMIÐSTÖÐVAR • SKÓLAR • KIRKJUR • STÓRIR VINNUSTAÐIR**

Hefur þú spurningar? Vantar þig tilboð? Viltu vita meira? Sendu okkur tölvupóst á b2b@ormsson.is og við svörum fljótt og vel

# SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

**Opnunartímar**
**Samsung Setursins**
Virka daga: 10:00 - 18:00
Laugardaga: 12:00 - 16:00




Höfuðstöðvar Monsanto í St. Louisborg í Missouri-fylki Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Stærsta yfirtaka ársins

Þýski lyfjarisinn Bayer hefur tilkynnt um yfirtöku á bandaríska fyrirtækinu Monsanto. Andvirði samningsins er 66 milljarðar dala, jafnvirði rúmlega 7.500 milljarða króna. Monsanto fær tæplega fimmtán þúsund krónur á hvern keyptan hlut. Um er að ræða stærstu yfirtöku ársins.

Monsanto framleiðir og þróar erfðabreytt fræ fyrir matvæli á borð við maís, sojabaunir og hveiti. Auk lyfjaframleiðslu framleiðir og þróar Bayer skordýraeitur fyrir akuryrkju og erfðabreytt matvæli undir nafninu Bayer CropScience. Með fyrirhuguðum samruna vonast Bayer til að verða langstærsti framleiðandi erfðabreyttra fræja fyrir matvæli á heimsvísu, með 25 prósenta markaðshlutdeild á heimsvísu.

Eigendur Monsanto höfðu áður hafnað rétt rúmlega sjö þúsund milljarða króna tilboði Bayer.

Hið hækkaða tilboð Bayer kemur í kjölfar samruna keppinauta. Fréttastofa BBC greinir frá því að óvíst sé að samkeppniseftirlit Bandaríkjanna samþykki samruna Bayer og Monsanto vegna stærðar fyrirtækjanna tveggja. – sg



Friðrik Steinn Kristjánsson, stofnandi Invent Farma. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Invent Farma hagnast um 2,3 milljarða

Lyfjafyrirtækið Invent Farma hagnaðist um 17,9 milljónir evra á síðasta ári, jafnvirði 2,3 milljarða íslenskra króna. Hagnaðurinn jókst töluvert en árið 2014 nam hann 8,3 milljónum evra, rúmum milljarði króna.

EBITDA í árslok 2015 nam -353.800 evrum, jafnvirði mínus 45,6 milljóna íslenskra króna, samanborið við -443.000 evrur árið áður.

Eigið fé í árslok nam 55,4 milljónum evra, jafnvirði rúmra sjö milljarða íslenskra króna, og hækkaði töluvert milli ára.

Í árslok 2015 voru tuttugu hluthafar í félaginu. Framtakssjóður Íslands átti stærstan hlut eða 38 prósent og Silfurberg ehf., í eigu Friðriks Steins Kristjánssonar stofnanda fyrirtækisins, átti næststærstan hlut eða 27,27 prósent.

Eins og Fréttablaðið greindi frá var Invent Farma selt á árinu til alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins Apax Partners og samkvæmt heimildum var hlutafé fyrirtækisins metið á um 215 milljónir evra, eða 30 milljarða króna. Stærð fyrirtækisins er svipuð og Símans. – sg

## Síðasti dagur Eid al-Adha



Pakistanskur verkamaður safnar dýraskinnum til að framleiða leðurvörur í vöruhúsi í Pashawar í Pakistan. Leðuriðnaðurinn blómstrar á svæðinu meðan múslímska trúarhátíðin Eid al-Adha stendur yfir. Hátíðin hefur staðið yfir síðustu daga í íslömskum ríkjum en henni lýkur í dag. Á meðan hátíðin stendur yfir er milljónum dýra fórnað og því fellur mikið til af dýraskinnum sem notuð eru til framleiðslu leðurvarnings. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Órói kominn á markaði á ný

**Alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir tóku dýfu á föstudag og þriðjudag. Beðið er eftir ákvörðun um stýrivaxtahækkun í Bandaríkjunum. Sérfæðingar hafa áhyggjur af getu seðlabanka til að ýta undir hagvöxt.**

Eftir sumar þar sem slík ró var yfir alþjóðlegum fjármálamörkuðum að annað eins hafði ekki sést í áratugi virðist óróinn sem einkenndi markaði í byrjun árs kominn aftur á skrið.

Stressvísitala Bank of America Merrill Lynch sem mælir óróa á mörkuðum hækkaði allverulega á föstudaginn og hélt áfram að hækka á mánudag og þriðjudag og hefur hefur ekki hækkað svona marga daga í röð í þrjá mánuði. Ríkisskuldabréf lækkuðu og verðið á gulli lækkaði einnig á föstudaginn og héldu lækkanir áfram fram til gærdagsins.

Sérfræðingar telja að nokkur atriði séu að ýta undir þessa þróun, í fyrsta lagi bíða alþjóðamarkaðir eftir því að Janet Yellen, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, tilkynni um stýrivaxtahækkun. Hún hefur gefið í skyn á síðustu vikum að hún muni fljótlega hækka stýrivexti á ný, þrátt fyrir marga óvissuþætti í bandaríska hagkerfinu. Í öðru lagi hefur lækkun olíuverðs haft áhrif á markaði. Olíuverð tók dýfu á fimmtudaginn í síðustu viku og hlutabréfin fylgdu eftir á föstudag.

Ákvörðun um stýrivaxtahækkun hefur eins og reikna mátti með haft veruleg áhrif í Bandaríkjunum þar sem S&P 500 vísitalan lækkaði um 2,5 prósent á föstudaginn, sem var mesta lækkunin í 43 viðskiptadaga. Svipaða sögu er að segja um Dow Jones vísitöluna. Vísitölurnar hækkuðu aftur á mánudag, tóku svo aðra dýfu á þriðjudag, en höfðu um eftirmiðdaginn í gær hækkað það sem af var degi.

Nýmarkaðsríki hafa hins vegar einnig fundið fyrir áhrifum af ákvörðun Yellen, en á mánudaginn hafði MSCI Emerging Markets vísitalan lækkað fjóra daga í röð og hélt lækkunin áfram á þriðjudag og miðvikudag.




Gengi hlutabréfa í Bandaríkjunum hafa lækkað undanfarna daga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Janet Yellen, seðlabankastjóri Bandaríkjanna

Áhyggjur af stjórnarháttum seðlabanka og möguleikum þeirra til að ýta undir hagvöxt eru samtímis þessu að breiðast út í Evrópu. Á mánudaginn greindi The Telegraph frá því að fimmtíu milljarðar punda hefðu horfið af virði fyrirtækjanna á FTSE 100 vísitölunni í London eftir lækkanir í þrjá daga. Lækkanir voru einnig á þriðjudag í Evrópu, þar sem DAX í Þýskalandi, CAC í París, og spænska IBEX-vísitalan lækkuðu. Ýmist höfðu vísitölurnar lækkað eða hækkað um eftirmiðdaginn í gær. Á Asíumarkaði héldu lækkanir áfram í gær, Nikkeivísitalan í Japan lækkaði um 0,69 prósent, og Topix-vísitalan um 0,62 prósent. saeunn@frettabladid.is

# 30% AFSLÁTTUR AF SUNDAY SÓFUM




**SUNDAY sófi með færanlegri tungu**
Áður 179.900,- **NÚ 125.930,-**
Stærð: 268x90x144xH82 cm.
Litir: ljós- og dökkgrár.



**SUNDAY þriggja sæta sófi**
Áður 149.900,- **NÚ 104.930,-**
Stærð: 238x90xH82 cm.
Litir: ljós- og dökkgrár.

ANTON&BERGUR

**TILBOÐIN GILDA 15.–21. SEPTEMBER**

**GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS**

Ilmvax í brennara 990 kr.

Kringle ilmkerti 3.990 kr.



## 3 FYRIR 2

Brennarar verð frá 2.990 kr.

Híbýlailmir verð frá 590 kr.





## 3 FYRIR 2 AF KERTUM, PÚÐUM, HÍBÝLAILMUM OG SERVÍETTUM

**NÝTT! PÚÐAR ÚR GERVISKINNI. VERÐ 3.990 kr.**

the PIER



Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Ekki þeirra eign



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Við tölum um félagslegan hreyfanleika þegar menn færast upp um stétt í samfélaginu. Hver er félagslegur hreyfanleiki útlendinga á Íslandi? Sjálfstæðisflokkurinn hafði í eina tíð kjörorðið: Stétt með stétt. Flokkurinn notar þetta slagorð ekki lengur enda passar það varla. Stétt með stétt er sennilega mesta rangnefnið ef við tökum íslenskan sjávarútveg sem dæmi. Hinir lægst settu í samfélaginu, langsamlega oftast útlendingar sem tilbúnir eru að vinna á lágmarkslaunum fyrir útgerðina í vinnslu sjávarfangs, fá laun í krónum, viðkvæmum litlum gjaldmiðli sem næmur er fyrir sveiflum, meðan afurðin sem þeir vinna er seld fyrir evrur og dollara.

Sjávarútvegur er grunnatvinnuvegur á Íslandi og með svokölluðum „klösum“ stendur hann undir fjórðungi landsframleiðslunnar. Það væri ekki gáfulegt að gera á einni nóttu meiriháttar kerfisbreytingar á atvinnugrein sem skapar jafn mikil verðmæti og raun ber vitni. Það breytir því hins vegar ekki að aðgangshindranir í sjávarútvegi eru ein skýrasta birtingarmynd sérhagsmunagæslu og stéttaskiptingar í íslensku samfélagi. Auk aðgangshindrana greiða íslensk útgerðarfyrirtæki svo aðeins brot af hagnaði sínum fyrir afnot af fiskveiðiauðlindinni innan efnahagslögsögu íslenska ríkisins.

Veiðiheimildir eru ekki réttindi útgerðanna að eilífu hvað sem líður væntingum þeirra sjálfra. Löggjafinn hefur ítrekað slegið slíka varnagla. „Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum,“ segir í fyrstu grein laga um stjórn fiskveiða. Lög um samningsveð takmarka beinar veðsetningar aflaheimilda. Réttindin hafa ekki sjálfstæðan tilverurétt þar sem þau þurfa að vera skráð á fiskiskip. Litið er á aflaheimildina og skipið sem eina heild. Þá eru aflaheimildir heldur ekki sjálfstætt andlag aðfarar og ekki er hægt að óska eftir nauðungarsölu á þeim einum og sér. Þetta eru ýmsar birtingarmyndir þeirrar staðreyndar að þetta eru ekki klassísk eignarréttindi.

Löggjafinn getur þannig hvenær sem er breytt lögum um stjórn fiskveiða og fyrirkomulagi úthlutunar aflaheimilda að gefnu tilliti til „réttmætra væntinga“ þeirra sem njóta þessara réttinda. Hvar liggur þá mælikvarði meðalhófsins þegar skerðing á nýtingarrétti þeirra sem njóta aflaheimildanna er annars vegar? Þetta er lögfræðilegt úrlausnarefni. Útgerðarfyrirtækin munu væntanlega vísa í túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á „réttmætum væntingum“. En þetta er líka pólitískt viðfangsefni dagsins í ljósi þess að allir stjórnmálaflokkar sem mælast yfir fimm prósenta þröskuldinum, nema núverandi ríkisstjórnarflokkar, vilja ráðast í breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Oftast er rætt um einhvers konar útboðs- eða uppboðsleið með fyrningarívafi í því sambandi. Það er hins vegar undirorpið vafa hvort þetta verði raunverulegt kosningamál. Hefur almenningur nægilega mikinn áhuga á þessu máli? Það snýst ekki bara um tæknileg atriði tengd sjávarútvegi og réttindum útgerðarfyrirtækja. Það snýst um félagslegt réttlæti. Verðmætasköpun og hagkvæmni og félagslegt réttlæti eru ekki andstæðir hagsmunir í samfélagi manna.

**Löggjafinn getur þannig hvenær sem er breytt lögum um stjórn fiskveiða og fyrirkomulagi úthlutunar aflaheimilda að gefnu tilliti til „réttmætra væntinga“ þeirra sem njóta þessara réttinda. Hvar liggur þá mælikvarði meðalhófsins þegar skerðing á nýtingarrétti þeirra sem njóta aflaheimildanna er annars vegar?**

GEFÐU ÞÉR TÍMON
Tímon.is
Færir þér nauðsynlega sýn á mannauðinn

## Halldór




## Frá degi til dags

**Vigdís Harðar**

Vigdís Hauksdóttir gerði sér lítið fyrir í gær og tók einn „Bjarna Harðar“ og opinberaði hugmyndina á bak við skýrslu sína og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um Víglundargögnin. Í tölvupósti til blaðamanns, sem átti að fara eitthvað allt annað, segist hún hafa verið skíthrædd um að Steingrímur J. Sigfússon kæmist í skýrsluna áður en hún birtist. Skýrslan hefur valdið miklu fjaðrafoki inni í fjárlaganefndinni. Hitt er þó áhugaverðara hvers vegna Framsóknarmenn lenda einir í því að senda tölvupóstana sína í rangar hendur.

**Ekki mér að kenna**

Búvörusamningarnir voru samþykktir á þingi og allt ætlaði um koll að keyra á netmiðlum. Einna helst voru Samfylkingarfólk og Píratar gagnrýndir hvað mest fyrir að hafa setið hjá við atkvæðagreiðsluna. Birgitta Jónsdóttir reyndi að útskýra hjásetuna á þá leið að Helgi Hrafn Gunnarsson hefði átt að setja sig inn í málið fyrir hana. Þar sem hann hefði ekki gert það nægilega vel sat hún hjá. Það verður áhugavert þegar Birgitta verður komin í ríkisstjórn án Helga. Spurning hvort kjósendur eigi ekki heimtingu á að vita hver muni setja sig inn í mál fyrir hana á næsta kjörtímabili?

sveinn@frettabladid.is

# Fleiri valkostir og aukið öryggi



Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Lög um almennar íbúðir voru samþykkt á vorþinginu. Með lögunum var komið á nýju félagslegu húsnæðiskerfi þar sem ríki og sveitarfélög munu veita 30 prósenta stofnframlög til fjölgunar leiguíbúða á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. námsmenn, ungt fólk, aldraða, fatlað fólk og fólk sem ekki er fært að sjá sér fyrir húsnæði vegna félagslegra aðstæðna eða verulegs fjárhagsvanda.

Í tengslum við kjarasamninga fyrir ári síðan var jafnframt lofað að fjölga almennum íbúðum um 2.300 á fjórum árum. Íbúðalánasjóður hefur unnið að undirbúningi úthlutunar stofnframlaga ríkisins og hefur þegar auglýst eftir fyrstu umsóknum.

ASÍ og BSRB hafa tekið ákvörðun um að stofna leigufélag á grunni laganna og ætla að afhenda eina nýja fullbúna blokk til útleigu í hverjum mánuði frá 2018. Viljayfirlýsingar um uppbyggingu 1.150 leiguíbúða hafa þegar verið undirritaðar við Reykjavík og Hafnarfjörð og er áætluð heildarfjárfesting á vegum félagsins um 27 milljarðar króna á næstu fjórum til sex árum. Fleiri sveitarfélög hafa sýnt verkefninu áhuga og leitað eftir samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Fleiri aðilar eru að huga að uppbyggingu á leiguíbúðum og umsóknum um stofnframlög eða vaxtaniðurgreiðslu frá stjórnvöldum. Áætla má að byggðar verði námsmannaíbúðir á vegum Félagsstofnunar stúdenta, Byggingafélags námsmanna og Háskólans í Reykjavík fyrir allt að 15 milljarða króna á næstu 4-5 árum. Þá eru ótalin þau verkefni sem hagsmunasamtök fatlaðs fólks á borð við Landssamtökin Þroskahjálp, Brynju Hússjóð Öryrkjabandalagsins o.fl. standa fyrir. Auk þessa hafa sveitarfélögin sjálf skýrar lagaskyldur gagnvart fólki sem ekki er fært um að sjá sér fyrir húsnæði vegna félagslegs vanda.

Nýtt húsnæðisbótakerfi mun styðja enn frekar við leigjendur en það tekur gildi um næstu áramót. Grunnbætur einstaklings verða 31.000 kr. á mánuði frá og með gildistöku laganna um næstu áramót eða 372.000 kr. á ári.

Með þessu stuðlum við að því að landsmenn hafi aukið val um búsetuform og búi við meira öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins.

**Nýtt húsnæðisbótakerfi mun styðja enn frekar við leigjendur en það tekur gildi um næstu áramót. Grunnbætur einstaklings verða 31.000 kr. á mánuði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



# Suðurríkjasögur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Sovétríkin sálugu voru fimmtán talsins, þar af átta suðurríki. Hin sjö mátti kalla norðurríki svo notað sé bandarískt tungutak: Rússland, Hvíta-Rússland, Moldavía og Úkraína og Eystrasaltslöndin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen. Hér segir fyrst frá norðurríkjunum og síðan frá suðurríkjunum. Dragðu nú andann djúpt því nú kemur talnahríð.

### Norðurríkin

Þegar Sovétríkin hrundu 1991 þótti mörgum sá atburður marka mikilvægustu tímamót evrópskrar sögu frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar 1945. Menn fylltust bjartsýni. Um 290 milljónir manna höfðu losnað undan oki kommúnismans eins og hendi væri veifað og gátu nú horft björtum augum fram á veginn.

Norðurríkjunum hefur mörgum vegnað vel. Eystrasaltsríkin þrjú gengu inn í ESB um leið og færi gafst og m.a.s. inn í Nató og hrærast nú í meginstraumi evrópskrar menningar og stjórnmála eins og þau gerðu árin milli stríða. Þarna við austanvert Eystrasalt hafa orðið miklar framfarir undangenginn aldarfjórðung. Til dæmis hafa þjóðartekjur á mann í Eistlandi vaxið úr því að vera röskur þriðjungur af tekjum á mann í Finnlandi 1990 upp í tvo þriðju hluta 2015 skv. gögnum Alþjóðabankans. Eistum hefur því tekizt að brúa nálega helminginn af tekjubilinu sem skildi þá frá Finnum þegar Eistar endurheimtu frelsi sitt og sjálfstæði 1991. Moldavía, klemmd milli Rúmeníu og Úkraínu, er fátækasta land álfunnar. Tekjur á mann í Moldavíu voru fjórði partur af tekjum á mann í Finnlandi 1990 og eru nú komnar niður í áttunda part eins og í Pakistan. Samt má Moldavía nú heita óskorað lýðræðisríki ólíkt Rússlandi og Úkraínu þar sem sigið hefur á ógæfuhliðina í báðum löndum. Hvíta-Rússland er ennþá harðsvírað einræðisríki eins og það var sem hluti Sovétríkjanna fyrir 1991.

Rússum hefur einnig vegnað vel að ýmsu leyti. Sé miðað við kaupmátt þjóðartekna á mann voru Rússar ekki hálfdrættingar á við Finna þegar Sovétríkin liðu undir lok. Áratug síðar, um aldamótin 2000, eftir erfið umskipti sem enn sér ekki fyrir endann á, var kaupmáttur þjóðartekna á mann í Rússlandi kominn niður í fjórðung af kaupmætti þjóðartekna á mann í Finnlandi. Eftir það tók Rússland kipp svo nú er munurinn á Rússum og Finnum ekki nema 40% Finnum í vil. Rússar standa Eystrasaltsþjóðunum þrem ekki langt að baki í efnahagslegu tilliti. Úkraína stendur á hinn bóginn langt að baki Rússlandi. Kaupmáttur þjóðartekna á mann í Úkraínu var aðeins litlu minni en í Rússlandi 1990 en nemur nú aðeins þriðjungi – og fimmtungi af kaupmætti þjóðartekna á mann í Finnlandi. Engan þarf því að undra ófriðinn þar. Við þá Úkraínumenn sem vilja fylgja Eystrasaltsþjóðunum inn í ESB segja Rússar: Gangið heldur til liðs við okkur, við erum miklu ríkari en þið. Rússum fækkaði úr 148 milljónum 1990 í 144 milljónir 2015 á meðan Bandaríkjamönnum fjölgaði úr 249 milljónum í 321. Rússar hafa vanrækt að renna fjölbreyttum stoðum undir útflutning og eiga því mikið undir olíuverði á heimsmarkaði.

> Efnahagur suðurríkjanna er bágborinn ef olíulöndin í hópnum (Aserbaídsjan, Kasakstan og Túrkmenistan) eru undan skilin. Tekjur á mann í Kirgisistan og Tadsjikistan eru lægri en í Bangladess. Tekjur á mann í Úsbekistan eru lægri en í Kongó.

### Suðurríkin

Víkur þá sögunni suður á bóginn. Suðurríkin átta voru Georgía, Armenía og Aserbaídsjan, lítil lönd sem liggja milli Svartahafs í vestri og Kaspíahafs í austri og önnur fimm sem bera heiti sem enda á stan eins og Pakistan og Gamla stan í Stokkhólmi. Stan þýðir stöð og þá kannski líka borg eða kastali. Suðurríkin fimm eru Kasakstan, Kirgisistan, Tadsjikistan, Túrkmenistan og Úsbekistan.

Ætla hefði mátt við fall Sovétríkjanna að fólkið í þessum löndum fengi nú að feta sig áfram veginn að auknu lýðræði, en svo fór yfirleitt ekki. Einræðisherrann í Úsbekistan, Isam Karimov, féll frá um daginn eftir að hafa stjórnað landinu með harðri hendi frá 1990 og þar áður verið hæstráðandi í úsbeska kommúnistaflokknum um hríð fyrir fall Sovétríkjanna. Nú stendur til að dubba dóttur hans upp sem nýjan forseta. Úsbekistan hefur frá 1990 verið eitt harðsvíraðasta einræðisríki heimsins líkt og Túrkmenistan. Kasakstan fór ekki eins illa af stað en landið hefur færzt frá lýðræði meðan Tadsjikistan hefur staðið í stað og Kirgisistan hefur þróazt í lýðræðisátt. Efnahagur suðurríkjanna er bágborinn ef olíulöndin í hópnum (Aserbaídsjan, Kasakstan og Túrkmenistan) eru undan skilin. Tekjur á mann í Kirgisistan og Tadsjikistan eru lægri en í Bangladess. Tekjur á mann í Úsbekistan eru lægri en í Kongó. Hvítvoðungur í norðurríkjunum getur nú vænzt þess að ná 74 ára aldri á móti 71 ári í suðurríkjunum. Í Finnlandi geta nýfædd börn vænzt þess að ná 81 árs aldri og íslenzk börn 82ja.

### Önnur saga

Bandaríkjunum tókst að varðveita sameiningu norðurríkja og suðurríkja undir lýðræðisstjórn. Til þess þurfti blóðugt borgarastríð 1861-1865 sem kostaði 600 þúsund mannslíf. Bandaríkin eru ein sterk heild og bjóða almenningi svipuð lífskjör í norðri og suðri. Margt ber að vísu enn á milli í stjórnmálum milli norðurríkjanna og suðurríkjanna þótt upphaflega ágreiningsefnið, þrælahald, sé löngu liðin tíð.

Sovétríkin eru önnur saga. Fimm af átta suðurríkjum Sovétríkjanna sálugu komast ekki með tærnar þar sem Rússar hafa hælana í efnahagslegu tilliti. Rússum tókst ekki að lyfta þeim upp. Auk þess á Rússland nú í langdregnum ófriði bæði í Georgíu og Aserbaídsjan auk Úkraínu. Aðeins Eystrasaltslöndin þrjú tóku upp lýðræði eftir 1991 og náið samstarf við önnur Evrópulönd, m.a. innan ESB.




KRÓNAN
-25%
FLJÓTSHÓLAR
Íslenskar gulrætur
Ræktaðar síðan 1930
Gott í nestispakkann
600 gr.
íslenskt grænmeti
299 kr. pk.
Verð áður ~~399~~ kr. pk.
Gulrætur Fljótshólar 600g
Ferskt alla daga
Ný uppskera!
-20%
1198 kr. stk.
Verð áður ~~1499~~ kr. stk.
Bláber 500g, Holland
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 18. SEPTEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS




TILBODIN GILDA TIL 18. SEPTEMBER - AFGREIDSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Gestus
Appelsin
100% FRUGT PRESSET TIL REN JUICE
Gestus
Æble Hindbær
100% FRUGT PRESSET TIL REN JUICE
Gestus
Tropical
100% FRUGT PRESSET TIL REN JUICE
Tveir saman...
598 kr.
349 kr. stk.
Ferskur Gestus Appelsínu-
Tropical og hindberja/eplasafi, 1L
2x ferskir Gestus safar, 1L
Bio-Kult
Candéa
For maintaining your natural defences
-25%
Af Bio-Kult vítamínum
1649 kr. pk.
Verð áður 2198 kr. pk.
Bio-Kult, 60 hylki
498 kr. stk.
Verð áður 698 kr. stk.
Whole Earth hnetusmjör, gróft og fínt, 340g
WHOLE EARTH
CRUNCHY
PEANUT BUTTER
ABSOLUTELY NO ADDED SUGAR
WHOLE EARTH
SMOOTH
PEANUT BUTTER
LÍFRÆNT
HIMNESK HOLLUSTA
MAÍSKÖKUR
CORN CAKES
199 kr. stk.
Maískökur 120g
Ódýrt
Gestus
VIETNAMESISK
KOKOS
OLIE
SMAGSNEUTRAL
499 kr. stk.
Gestus kókosolía, 500ml
LÍFRÆNT
HIMNESK HOLLUSTA
KALDPRESSUÐ
KÓKOSHNETUOLÍA
COLD PRESSED COCONUT OIL
999 kr. stk.
Verð áður 1198 kr. stk.
Himnesk Hollusta kókoshnetuolía, 500ml
TILBOÐIN GILDA TIL 18. SEPTEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Ódýrt
Alpro jurtamjólk í kassa
249 kr. stk.
ef keypt eru 8 stk. í kassa = 1992 kr. pk.
Ódýrt
Krónu Chia fræ, 300g - 997 kr.kg
299 kr. pk.
Ódýrt
Frosin jarðarber 400g - 423 kr.kg
169 kr. pk.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 18. SEPTEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS



# Arkitektúr og túrismi – fyrsti hluti



Dagur Eggertsson
prófessor í arkitektúr og rekur arkitektastofuna Rintala Eggertsson arkitektar í Ósló og Bodö í Noregi

Ekki hefur farið fram hjá neinum að fjöldi ferðamanna á Íslandi hefur stóraukist síðustu árin. Þetta hefur bæði aflað ríkissjóði kærkomins gjaldeyris og skapað atvinnutækifæri sem rík þörf var á eftir hrun. En hverjar eru hugmyndirnar og hugsjónirnar á bak við þróun ferðamannastaða? Þetta eru áleitnar hugsanir sem við í hönnunargeiranum reynum að spyrja okkur sjálf að þegar farið er af stað með hönnunarverkefni. Hér eru nokkrar hugleiðingar eftir hringferð um landið í júlí 2016.

**Ástand mála**

Eftir búsetu í Noregi í 30 ár get ég leyft mér að horfa með gestsauga á umhverfið og njóta einstakrar náttúru Íslands á ferðum um landið jafnframt því að rýna á bak við sjónarsviðið eftir ófáar ferðir um landið allt frá æsku. Oft verður maður samt var við hluti sem erfitt er að útskýra fyrir sjálfum sér og erlendum ferðafélögum. Þetta á sér í lagi við um hið byggða umhverfi við fjölsótta ferðamannastaði og náttúruperlur landsins. Mikilvægt er að undirstrika að vel hefur verið haldið á málunum við þróun fjölmargra staða á landinu. Eldheimar í Eyjum, Snæfellsstofa í Vatnajökulsþjóðgarði, Hakið á Þingvöllum og sundlaugin á Hofsósi eru fáein af mörgum mannvirkjum sem unun er að sækja heim einfaldlega vegna þess að heildræn hugsun býr að baki. Engu að síður er margt sem borið er á borð fyrir ferðamenn og almenning töluvert lakara. Auðvitað má útskýra megnið af því sem ber fyrir sjónir sem afleiðingu vanefna. Og hvers vegna ekki að leyfa sér að hrífast af þeim þokka sem tengist sjálfsbjargarviðleitninni sem okkur Íslendingum er í blóð borin? Að gera hlutina á einfaldan hátt er hugsunarháttur sem þrátt fyrir allt hefur haldið þessu fámenna þjóðfélagi gangandi í gegnum aldirnar.

**Drífum í því**

Við köllum þetta pragmatisma á fagmáli eða gagnsemishyggju eins og hugtakið útleggst á íslensku og njótum þess að skoða fyrirbæri eins og þessi með augum sérfræðingsins, jafnvel notfæra okkur slík vinnubrögð þegar við á. Pragmatismi er eðlilegur hluti af starfi hönnuða og má meðal annars nota til að útskýra hvernig byggingarhefðir hafa þróast út um allan heim. Það er samt sem áður töluverður munur á þeim pragmatisma sem ræður í ferðamannaiðnaðinum hér á landi og þeim hefðum og aðferðafræði í arkitektúr sem hafa fengið að þróast um aldir. Munurinn er sá sem ég vék að í upphafi greinarinnar – hugsunin sem býr að baki.

**Því miður er fátt annað en hugsun um peninga sem sýnist ráða ferð í þróun ferðamannastaða á Íslandi. Fjárfestingarnar virðast eiga að vera sem minnstar og afkasta sem mestu á sem stystum tíma.**

**Græðgi**

Því miður er fátt annað en hugsun um peninga sem sýnist ráða ferð í þróun ferðamannastaða á Íslandi. Fjárfestingarnar virðast eiga að vera sem minnstar og afkasta sem mestu á sem stystum tíma. Við lesum um það í fjölmiðlum að tekjur ferðaþjónustufyrirtækja hafi margfaldast á síðustu árum og skipta hver velti milljörðum. Tekjur þessar eru lítið notaðar til að þróa og bæta svæðin, en renna fremur beint í vasana á hluthöfunum sem vilja og krefjast meira. Landeigendur eru oft lítils megandi sveitarfélög eða bændur sem þurfa því að standa straum af kostnaði við að sjá ferðamönnum fyrir salernisaðstöðu og nauðsynlegri þjónustu. Það er því ekki skrýtið að leitað sé leiða til að gera hlutina á fljótlegan, einfaldan og ódýran hátt. En er það hægt til frambúðar? Það er vafasamt, vegna þess að álagið á landinu er orðið svo mikið að víða er það stórlega farið að láta á sjá af ágangi fólks og fjármagn ekki til nauðsynlegra umbóta til að koma í veg fyrir varanlegt tjón.

Umhverfisstofnun hefur á síðustu árum tekið saman upplýsingar í bæklingnum „Rauði listinn“ um svæði í hættu sem á ríkt erindi til almennings [i]. Geysissvæðið er dæmi um svæði sem þarf að taka fyrir sem allra fyrst. Þar er byggingamagn orðið meira en góðu hófi gegnir, heildarmynd vantar á stíga, göngupalla og skilti, og upplýsingum um sögu og jarðfræði svæðisins er ábótavant. Sömuleiðis stingur byggingarstíllinn í stúf og er að öllum líkindum fremur notaður til að vekja athygli en að laga byggingarnar að umhverfinu.

Víða hafa landeigendur líka séð sér leik á borði og leigt einkaaðilum aðgang að náttúruminjum, sem aftur selja ævintýri í Hollywood-stíl til túrista á uppsprengdu verði. Af þessu fást tekjur en smám saman einkavæðist náttúran og við Íslendingar sjálfir kynnumst ekki náttúru okkar nema með vasana fulla af peningum. Er það þróun sem við erum sátt við?

*[i] Rauði listinn – svæði í hættu. Yfirlit til umhverfis- og auðlindaráðuneytis; Umhverfisstofnun 2014. https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Skyrslur/raudi_listinn_2014.pdf*

# Parísarsamninginn verður að efna

Herbert Beck
sendiherra Þýskalands
Paul Begley
staðgengill sendiherra Bretlands
Matthias Brinkmann
sendiherra ESB
Bosse Hedberg
sendiherra Svíþjóðar
Valtteri Hirvonen
sendiherra Finnlands
Lech Mastalerz
yfirmaður sendinefndar Póllands
Mette Kjuel Nielsen
sendiherra Danmerkur
Philippe O'Quin
sendiherra Frakklands

Síðastliðinn desember komu fulltrúar 195 landa saman í París til að ná samkomulagi um nýjan alþjóðlegan loftslagssáttmála innan rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Niðurstaðan fólst í hnattrænni aðgerðaáætlun um að forðast skaðlegar loftslagsbreytingar með því að takmarka hnatthlýnun verulega undir 2°C. Nú, tíu mánuðum eftir þessa sögulegu niðurstöðu, er Evrópusambandið hreykið af hinum metnaðarfulla Parísarsamningi, eins og Ísland er líka óhætt að vera. Hins vegar er ekkert svigrúm til sjálfumgleði eftir hina árangursríku ráðstefnu: til að framtíðarsýnin um minnkun útblásturs á heimsvísu verði að veruleika þurfum við að fylgja orðum okkar eftir með aðgerðum.

**Ekki nóg að fullgilda**

Yfir 180 lönd hafa nú undirritað Parísarsamninginn. 22 lönd hafa lokið við fullgildingu hans og eru þar með aðilar að samkomulaginu. Við hvetjum Ísland til að fullgilda samninginn eins fljótt og auðið er. Fullgilding er mikilvægt skref í innleiðingu Parísarsamningsins en ein og sér mun hún ekki draga úr losun gróðurhúsaloftegunda, eða leiða sjálfkrafa til aðlögunar og fjármögnunaraðgerða. Það er ekki síður mikilvægt að lönd heims komi sér upp þróttmiklum þjóðarloftslagsáætlunum og alþjóðlegri nálgun á vandann.

**Hagvöxtur jókst við minni losun**

Að framfylgja samningnum á áþreifanlegan hátt er nokkuð sem ESB og aðildarríki þess taka nú mjög alvarlega. Við stígum fram á við með metnaðarfulla og staðbundna loftslagsstefnumótun, með nýjum tillögum sem hjálpa okkur að ná markmiði okkar um að draga úr útblæstri um að minnsta kosti 40% fyrir árið 2030 og til að halda áfram vegferðinni í átt að lágkolefnahagkerfi. Við heyrum og skiljum áhyggjur af því að aðgerðir gegn loftslagsbreytingum geti haft neikvæð áhrif á hagvöxt. En – þvert á móti – við höfum komist að raun um að á sama tíma og við drógum úr losun okkar um 23%, frá árinu 1990, jókst verg landsframleiðsla um 46%.

**Siðferðileg skylda ríkra ríkja**

Þróuðum ríkjum ber sérstök skylda til að sýna forystu, bæði á heimaslóðum og með því að styðja berskjölduðustu löndin til að skipta yfir í lágkolefnahagkerfi sem eru þrautseig út frá mælikvarða lofslagsmála. Framlag Íslands til aukinnar nýtingar jarðvarma í vanþróaðri heimshlutum hefur verið mikilvægt.

Innan örfárra mánaða munu fulltrúar landa heims koma saman í Marrakesh til að útfæra tæknileg atriði pólitíska samkomulagsins frá París. Að efla getu okkar til aðgerða, meta orðið tjón vegna loftslagsbreytinga og leggja fram vegvísi í átt að fjárhagsmarkmiðum á sviði loftslagsmála, eru aðeins nokkur fyrirliggjandi viðfangsefna. Fram að fundinum munu löndin einnig stefna að því að ná marghliða samningum um takmarkanir á útblæstri flugumferðar og um hvernig hverfa skuli í áföngum frá notkun loftslagskæðra lofttegunda í kælibúnaði.

**Samkomulagið í París lagði grunninn að verndun hnattarins fyrir komandi kynslóðir. Við verðum að halda þeim skriðþunga því verðlaunin eru þess virði: minni losun, aukið orkuöryggi, betri orkunýting og hagvöxtur byggður á nýsköpun.**

**Sameiginlegt átak okkar allra**

En það eru ekki aðeins stjórnvöld sem grípa til aðgerða. Fyrirtæki, borgir og félagasamtök hafa öll lykilhlutverki að gegna við þær aðgerðir sem raunverulega skipta sköpum. Eitt dæmi er Reykjavíkurborg sem í síðastliðnum nóvember tók höndum saman með eitt hundrað íslenskum fyrirtækjum sem lýstu sameiginlega yfir áformum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og úrgangs.

Samkomulagið í París lagði grunninn að verndun hnattarins fyrir komandi kynslóðir. Við verðum að halda þeim skriðþunga því verðlaunin eru þess virði: minni losun, aukið orkuöryggi, betri orkunýting og hagvöxtur byggður á nýsköpun. Það er ærið verk að vinna, og við hlökkum til áframhaldandi samstarfs við Ísland.

*Höfundar eru yfirmenn sendiráða Evrópusambandsins á Íslandi.*

# Verum samferða inn í framtíðina



Magnús Geir Þórðarson
útvarpsstjóri

Fjölmiðill í þjónustu almennings þarf bæði að skipta máli og koma að gagni. Í yfir 80 ár hefur Ríkisútvarpið verið samferða þjóðinni við leik og störf, boðið upp á fréttir og dagskrá sem upplýsir, fræðir og skemmtir, verið hreyfiafl góðra verka og ávallt staðið vaktina þegar mikið liggur við. Staða RÚV í dag er traust og við erum vel í stakk búin til að aðlagast tækni- og samfélagsbreytingum. Sem hluta af stefnumótun leitum við nú eftir aðkomu almennings til að móta áherslur og forgangsröðun RÚV til framtíðar. Þannig vonumst við til að geta sem best sinnt því hlutverki sem þjóðin væntir af Ríkisútvarpinu sem við eigum saman.

**Nýjar áherslur skila aukinni ánægju**

Á undanförnum misserum höfum við lagt enn ríkari áherslu á sérstöðu Ríkisútvarpsins með því að setja innlent efni og menningarefni í forgang, bæta þjónustu við landsbyggðina og umbylta þjónustu við börn. Áhersla á nýtt íslenskt leikið efni hefur verið stóraukin og vandaður fréttaflutningur færir okkur nær viðburðum hér heima og á alþjóðavísu. Við höfum hafið samtal við áhorfendur og hlustendur um land allt, meðal annars með hringferð um land allt og stuðlum þannig að því að þjónustan þróist til framtíðar í takt við óskir ykkar.

**Viðhorf almennings jákvæðara**

Reglulegar hlustunar- og áhorfsmælingar draga fram mikla notkun þjóðarinnar á miðlum RÚV en ný viðhorfskönnun Gallup staðfestir einnig að jákvæðni þjóðarinnar gagnvart RÚV og þjónustu þess hefur ekki verið meiri frá því Ríkisútvarpið ohf. var stofnað árið 2007. Tæp 73% aðspurðra eru jákvæð gagnvart Ríkisútvarpinu. Könnunin staðfestir mikla og aukna ánægju með flesta þætti starfsemi RÚV og almenna sátt um nýjar áherslur. Aukin áhersla RÚV á fjölbreytt íslenskt efni og menningu í miðlum RÚV fellur í frjóan jarðveg en mikill meirihluti svarenda leitar helst eftir íslensku efni, fréttum og menningarefni í miðlum Ríkisútvarpsins. Ánægja með dagskrá Rásar 1 og RÚV sjónvarps hefur verið að aukast og 63% landsmanna eru ánægð með efnisval á RÚV.is. KrakkaRÚV, ný þjónusta við börn, fær frábær viðbrögð og notkun almennings og ánægja með Sarpinn hefur aldrei verið meiri. Sem fyrr nýtur RÚV yfirburðatrausts á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Velvild og velgengni sem staðfest er í könnuninni er þó fyrst og fremst hvatning um að halda áfram og gera enn betur. Því horfum við nú fram á veginn til að tryggja áframhaldandi daglegt samtal við íslenskan almenning.

**Taktu þátt í að móta framtíðaráherslur**

Grundvallarmarkmið með starfsemi almannaþjónustumiðils hafa ekki breyst þó við upplifum örar samfélags- og tæknibreytingar. Á tímum þar sem erlent afþreyingarefni á erlendum tungum er á hverju strái er enn mikilvægara en fyrr að þjóðin hafi aðgengi að vönduðu innlendu efni úr okkar nærumhverfi, að í boði sé vandað efni á íslenskri tungu og æsku landsins bjóðist uppbyggilegt dagskrárefni í hæsta gæðaflokki, óháð búsetu og efnahag. Þörfin fyrir þjónustu öflugs Ríkisútvarps í flóru fjölbreyttra erlendra- og innlendra einkamiðla hefur því sjaldan verið meiri. Sem fyrr er gerð hin sjálfsagða krafa um hagkvæmni og áframhaldandi jafnvægi í rekstri. Nú og til framtíðar aukast væntingar um aðgengi hvar og hvenær sem er.

**Til að uppfylla nýjar þarfir þarf að forgangsraða enn skýrar en fyrr. Við skorum á þig að hjálpa okkur að móta þjónustuna við þig og næstu kynslóðir. Við höfum opnað gátt á forsíðu RÚV.is þar sem við hvetjum þig til að segja okkur hvað þér finnst.**

RÚV hefur verið samferða þjóðinni hingað til og ætlar að vera það áfram. Til að uppfylla nýjar þarfir þarf að forgangsraða enn skýrar en fyrr. Við skorum á þig að hjálpa okkur að móta þjónustuna við þig og næstu kynslóðir. Við höfum opnað gátt á forsíðu RÚV.is þar sem við hvetjum þig til að segja okkur hvað þér finnst. Því hvetjum við þig til að fara inn á RÚV.is, segja þína skoðun og vera þannig með í að móta framtíðina fyrir RÚV okkar allra.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
15. SEPTEMBER 2016 FIMMTUDAGUR



# JAKKINN ER MIÐPUNKTURINN

Ítalskur stíll, þá helst suðurítalskur, heillar **Jökul Vilhjálmsson** mest. Hann er jakkafataklæddur flesta daga vikunnar en blandar þó einnig áhrifum úr götutískunni inn á milli. »

**Hér klæðist Jökull Vilhjálmsson ullarbuxum og frakka frá Suitup Reykjavik. Trefillinn er úr ull og silki.** MYND/EYÞÓR













Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

# SKOÐAÐ Í SKÁPINN

Tískuáhugi Jökuls Vilhjálmssonar kviknaði á menntaskólaárunum en með árunum fékk hann meiri áhuga á formlegum og klassískum herrafatnaði. Sá áhugi vatt upp á sig og endaði með því að hann og félagi hans, Egill Ásbjarnarson, stofnuðu herrafataverslunina Suitup Reykjavik sem sérhæfir sig í sérsaumuðum herrafatnaði og vönduðum aukahlutum. „Síðan þá er ég svo gott sem jakkafataklæddur flesta daga vikunnar en blanda þó einnig áhrifum úr götutísku inn á milli.“ Samhliða rekstri verslunarinnar er Jökull í meistaranámi við Háskóla Íslands í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum og stefnir á útskrift vorið 2017.

**Lýstu fatastílnum þínum** Ég hallast mun meira að ítalska stílnum og þá helst þeim suðurítalska sem er kenndur við borgina Napólí. Hann einkennist af léttari og bjartari efnum sem eru oftar en ekki í bláum tónum. Fyrir mér er jakkinn miðpunkturinn. Því geng ég oft í munstruðum jökkum og held þá buxum og skyrtum einlitum. Ég legg mikið upp úr skóbúnaði og passa að hafa skóna mína vel pússaða. Í þau fáu skipti sem ég er ekki í leðurskóm finnst mér gott að ganga í þægilegum hvítum strigaskóm.

**Hvernig fylgist þú með tískunni?** Instagram er mjög góður miðill til að fylgjast með tískunni og reyni ég að vera virkur þar. Það eru líka nokkur skemmtileg tískublogg sem ég skoða af og til auk þess sem ég er áskrifandi að hinu stórgóða blaði The Rake.

**Hvað einkennir klæðnað ungra karla í dag?** Það hefur orðið mikil breyting þar undanfarin ár til hins betra. Þeir eru duglegri að klæða sig upp við góð tilefni og spá meira í því hvernig þeir líta út. Samfélagsmiðlar eins og Instagram leika klárlega stórt hlutverk þar. Einnig er meiri áhersla lögð á gæði og að líta á vandaðan fatnað sem góða fjárfestingu sem hægt er að eiga í áratugi ef vel er hugsað um hann.

**Hverjir eru uppáhaldshönnuðir þínir?** Þar sem áhugi minn liggur aðallega í klassískum herrafatnaði fylgist ég ekki mikið með íslenskri hönnun sem er mun öflugri í kvenfatnaði og götutísku. Annars er Ralph Lauren einn sá flottasti auk margra ítalskra meistara á borð við Gennaro Rubinacci og Vincenzo Attolini, sem er oft kallaður faðir Neapolitan-klæðskerastílsins.

**Áttu þér uppáhaldsflík?** Ég er mjög hrifinn af tvíhneppta kamellitaða frakkanum mínum sem er saumaður úr 100% kasmír. Nauðsynlegt á köldum vetrardögum.

**Getur þú nefnt dæmi um bestu og verstu kaup þín?** Ég hef gert óteljandi slæm kaup en í seinni tíð man ég ekki eftir neinu sérstöku sem ég sé eftir. Bestu kaupin eru sennilega Allen Edmonds leðurskór sem ég fékk fyrir slikk á eBay fyrir fjórum árum og líta út eins og þeir séu glænýir.

**Ertu farinn að spá í næsta vetri?** Ég er nú þegar búinn að setja nokkrar vel valdar flíkur í framleiðslu fyrir veturinn. Þar á meðal er vatnsheldur frakki úr svokölluðu Storm System efni frá Loro Piana sem er algjör snilld fyrir íslenska veturinn.

**Notar þú fylgihluti?** Ég er ekki sá duglegasti við að nota hefðbundna aukahluti en ég hendi stundum á mig armbandi eða úri. Á góðum sumardögum er fátt betra en góð sólgleraugu og góðir leðurhanskar eru mikilvægir á veturna. Svo fer ég ekki út úr húsi nema vera með vasaklút í brjóstvasanum.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Í vetur eru virkilega spennandi hlutir í gangi hjá Suitup Reykjavik. Fljótlega kynnum við til leiks skólínuna okkar sem er handgerð á Mallorca úr ítölsku og frönsku leðri. Við munum bæði bjóða upp á tilbúna skó auk þess sem viðskiptavinir okkar geta pantað sér sérsaumaða skó þar sem þeir stjórna hverju smáatriði. Á sama tíma munum við svo kynna nýja jakkafatalínu sem er handsaumuð að fullu á Ítalíu.


Jakkafötin eru úr ull, hör og silki. Skórnir koma frá Allen Edmonds.


Jakkinn er frá Caccioppoli Napoli og er úr ull og kasmír. Buxurnar eru úr „jogging" efni og pólóbolur er frá Loro Piana. Armbandið er eftir Hendrikku Waage.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*







# LANCÔME KYNNING

## Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI

### FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS.

**20%**

**AFSLÁTTUR AF LANCÔME Á KYNNINGUNNI**




**GLÆSILEGIR KAUPAUKAR AÐ HÆTTI LANCÔME,**
þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 8.900 kr. eða meira.
*Í kaupaukanum er meðal annars 15 ml ÉNERGY DE VIE næturmaski sem rakahleður húðina og hún verður sjáanlega ferskari, mýkri og úthvíld.*

Lyf & heilsa
Kringlunni











Kendall Jenner skartar hér bleikri kollu.


Kim Kardashian með afar náttúrulega hárkollu.

# ÆÐI Í UPPSIGLINGU?

Litríkar hárkollur sem sést hafa á höfði stjarnanna eru einnig farnar að sjást á kolli íslenskra kvenna sem og kollur í hefðbundnari litum.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Hárkollur hafa verið áberandi á höfði stjarnanna í Hollywood að undanförnu og hafa Kardashian-systur verið sérstaklega duglegar að skarta slíkum höfuðbúnaði. Bergþóra Þórsdóttir, eigandi hárgreiðslustofunnar Hairbrush og förðunarskólans MASK Makeup & Airbrush Academy, segir að það líti út fyrir að hárkollurnar séu líka á leið til Íslands. „Það er fullt af stelpum búið að koma hingað að undanförnu í mátun með kollurnar sínar sem þær hafa keypt í versluninni Glam Room og við kennum þeim að setja þær á,“ segir Bergþóra sem er menntaður hárkollumeistari. „Það er smávegis serímónía í kringum þetta, það er ekki bara hægt að skella kollunni á höfuðið, það þarf að sníða tjullið undir henni til og klippa það, rúlla hárinu upp og undirbúa það undir hárkollunni og læra að festa hana á. Einnig þarf að plokka úr hárkollunni ef það á að vera skipting í henni á ákveðnum stað og móta hana á höfuð hvers og eins svo hún komi raunverulega út.“


Bergþóra Þórsdóttir hárgreiðslumeistari.

Bergþóra segir hárkollunotkunina vera mjög algenga meðal stjarnanna vestanhafs en fólk geri sér ekki alltaf grein fyrir að þetta sé ekki hár þeirra í raun. „Til dæmis fór allt á hliðina þegar Beyoncé birtist með topp. Þá héldu allir að hún hefði klippt á sig topp og töluðu um að þetta færi henni alls ekki en þetta var var bara „clip-in“ toppur sem hún var með eitt kvöld. Það er líka vinsælt að nota þessar „clip-ins“ í hárið, að geta þannig breytt til við einhver ákveðin tilefni. Kardashian-systur hafa mest verið með heilar hárkollur í hinum ýmsu litum og oftast með um það bil ellefu sentimetra rót, það virðist vera málið hjá þeim en þær skipta um kollur eins og við um sokka.“

Hárkollurnar eru til í öllum regnbogans litum, til dæmis bleikar, fjólubláar og gráar, en Bergþóra segir í léttum dúr að þær séu ekki eitthvað sem fólk fari með í vinnuna á þriðjudagsmorgni. „Þær eru meira í partíið en það eru líka til eðlilegri kollur, til dæmis dökkar með lit sem búið er að vaxa aðeins úr. Þær eru kannski eitthvað sem þær sem eru svolítið hugaðar geta gengið með hversdags en það eru ekki allar sem þora það,“ segir hún brosandi og bætir við að hún hafi ekki átt von á að þetta æði myndi berast hingað til lands. „Ef ég á að vera alveg hreinskilin, þá bjóst ég ekki við því að einhver myndi kaupa sér hárkollu hérna á Íslandi en það virðist samt vera að gerast, íslenskar stelpur eru fljótar að pikka upp tískustrauma.“


Khloe Kardashian finnst gaman að breyta um hárgreiðslu og hárlit eins og systrum hennar.


Kylie Jenner hefur oft verið með ljósar hárkollur eins og á þessari mynd en fyrir nokkrum dögum lét hún hins vegar lita hárið á sér alveg ljóst í fyrsta skipti.

DEBENHAMS




NÝI HERRAILMURINN

# DIESEL

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR 15. - 22. SEPTEMBER

diesel.com













**Vicktoria Beckham notar mikið flauel í sumartískuna fyrir 2017.**

# ALLTAF TILBÚNAR Í MYNDATÖKU

Stórstjarnan **Victoria Beckham** kynnti vor- og sumartísku sína 2017 í New York þann sögufræga dag 11. september. Á fremsta bekk sat eiginmaður hennar, David Beckham, og 17 ára sonur, Brooklyn, sem getið hefur sér gott orð í tískuheiminum. Sýningin vakti mikla athygli.

Victoria segir í viðtali við The Telegraph að hún fái mikinn stuðning frá eiginmanninum í öllu því sem hún gerir. „Ég gæti ekki gert þetta allt án hans,“ útskýrir hún. „Ég get unnið þegar mér hentar, ferðast og veit að besti pabbinn sér um börnin. Við vinnum vel saman. David ferðast líka mikið en þegar hann er á ferðalagi er ég heima. Það er alltaf annað hvort okkar heima með börnunum,“ segir Victoria í samtali við blaðið.

Þegar Victoria er spurð um nýjustu tískulínuna hennar, svarar hún: „Ég vil gera hlutina erfiða fyrir mig og þá sem vinna með mér. Mér finnst gaman að takast á við áskoranir. Það er til dæmis langt síðan ég hef unnið með flauel, mér hefur fundist það gamaldags og þungt. Núna hef ég valið það í ljósum og björtum litum sem kemur vel út,“ segir hún. „Ég vil að fötin kalli fram það besta í konum.“

Á myndunum má sjá sumarkjólana frá Beckham sem sannarlega eru léttir og fallegir. Victoria hannaði nýlega förðunarvörur í samstarfi við Estée Lauder en hún segist hafa hugsað um „selfie“ myndatökur við hönnunina. „Við þurfum að vera tilbúnar til myndatöku hvar og hvenær sem er,“ segir hún.



**Tekið var eftir hversu afslöppuð og róleg Victoria Beckham var baksviðs á sýningunni.**



Í september verða útivistardagar í Zik Zak þar sem úlpurnar og skórnir sem tilheyra ZikZak-línunni verða kynntir.




Fjölnota burðarpoki fylgir með kaupum á úlpum og skóm.

# FÖGNUM HAUSTINU Í ZIKZAK

**ZIK ZAK kynnir** Nýjar fallegar úlpur og gæðalegir skór eru nýkomnir í verslunina Zik Zak. Úlpurnar eru fallegar í sniðinu og fást bæði síðar og stuttar. Skórnir eru fóðraðir og með grófum sóla og henta því vel fyrir íslenska veturinn.

„Það er ótrúlega mikið um að vera hjá okkur í Zik Zak þessa dagana og kominn nettur haustfílingur í okkar stelpurnar. Við förum af stað inn í haustið með bros á vör og til í slaginn," segir Sigríður Ómarsdóttir, annar eigandi verslunarinnar.

Hún segir að allar vörur sem þær hafi tekið inn í verslunina eftir útsöluna séu virkilega smart og í einstaklega fallegum haustlitum. „Haustlitirnir heilla íslenskar konur oft meira en sumarlitirnir. Ætli það sé ekki vegna þess hve sumarið er stutt hérna hjá okkur," segir Sigríður og brosir.

Nýjar vörur koma vikulega í Zik Zak þannig að þar er mjög gott úrval og segir Sigríður að allar konur ættu að geta fundið sér eitthvað fallegt í búðinni. Hvort sem er um hversdagsfatnað eða spariklæðnað að ræða, úrvalið er frábært af buxum, toppum, túnikum, kjólum, úlpum, skóm, skarti, töskum og fleiru.

„Nýlega fengum við æðislegar úlpur og skó fyrir veturinn. Úlpurnar eru einstaklega fallegar í sniðinu, vandaðar léttar og hlýjar. Skórnir eru úr gæðalegu leðurlíki og hafa reynst okkur afar vel. Þeir eru léttfóðraðir og með grófum sóla og henta því vel fyrir íslenskan vetur. Það besta er að þeir eru á einstaklega sanngjörnu verði eða frá 8.990 krónum til 11.990 króna," lýsir Sigríður.

„Nú skartar verslunin þessum einstaklega fallega útivistarfatnaði og í tilefni þess ætla stelpurnar að vera með útivistardaga í september þar sem þær munu kynna úplurnar og skóna sem tilheyra okkar frábæru Zik Zak línu.."

Úlpurnar eru bæði stuttar og síðar í öllum stærðum eða stærðunum 36-56 og í fallegum haustlitum; svörtum, vínrauðum, fjólubláum og bláum. Úlpurnar eru að sögn Sigríðar á frábæru verði eða á aðeins 12.990 krónur. Skórnir í Zik Zak eru í þessum klassísku litum; svörtum, brúnum og gráum. Þeir eru fáanlegir í stærðum 36 til 41 og kosta á bilinu 8.990 til 11.990 krónur. Fjölnota burðarpoki fylgir með kaupum á úlpum og skóm.



Úlpurnar í Zik Zak eru í fallegum haustlitum, svörtum, vínrauðum, fjólubláum og bláum.



Úlpurnar er bæði hægt að fá stuttar og síðar.

> Nýlega fengum við æðislegar úlpur og skó fyrir veturinn. Úlpurnar eru einstaklega fallegar í sniðinu, vandaðar léttar og hlýjar. Skórnir eru úr gæðalegu leðurlíki og hafa reynst okkur afar vel. Þeir eru léttfóðraðir og með grófum sóla og henta því vel fyrir íslenskan vetur. Það besta er að þeir eru á einstaklega sanngjörnu verði.
>
> Sigríður Ómarsdóttir



Þessir skór eru á 8.990 krónur. Allir skórnir í Zik Zak fást í númerum 36 til 41.



11.990 krónur.



9.990 krónur.



8.990 krónur.



8.990 krónur.






Altuzarra.



Prabal Gurung.

# TANGÓ Á TÍSKUVIKU

Pífur hafa verið áberandi á tískusýningum síðustu missera, svo er einnig á tískuvikunni í New York sem lauk í gær. Flamenkó- og tangótakturinn sveif yfir vötnum í fjölmörgum sýningum eins og sjá má á þessum myndum.



Zimmermann.



Proenza Schouler.






LOKADAGUR - 17. SEPTEMBER

# BLÖNDUNAR-TÆKJADAGAR

20% afsláttur

30% afsláttur



**Mora MIXX**
Handlaugartæki
með lyftitappa
**16.970 kr.**
Verð áður: 24.243 kr.



**ONDA**
Handsturtuhaus
**1.790 kr.**
Verð áður: 2.460 kr.



**SPRING**
Sturtuhaus, 20 cm
**6.500 kr.**
Verð áður: 9.337 kr.



**EMOTION 10**
Sturtuhaus, 10 cm
**2.990 kr.**
Verð áður: 3.942 kr.



**SKINNY**
Handsturtuhaus
**1.490 kr.**
Verð áður: 1.967 kr.



**BARKI**
150 cm
**1.390 kr.**
Verð áður: 1.887 kr.

## Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi

**Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15**

TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

Bílás
Bílasala Akranes



KIA Sorento ex. Árg. 10/2011, ek. 116Þ. KM, dísel, sjálfskiptur. Dráttarkrókur einn eigandi ekki bílaleiga Verð 3.950.000. Rnr.111746.

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

SUZUKI



**SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR.**
Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

BÍLAMIÐSTÖÐIN



TOYOTA Land Cruiser Gx 150 frábært verð. Árg 2016, ek 34 Þ.KM, dísel, sjálfsk. Tilboð.8.690 þús. Rnr.101237. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



MAZDA 6 wagon vision. Árg 2016, ek 33 Þ.KM, bensín, sjálfsk. Tilboð 3.690 þús. Rnr.101192. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



MAZDA 2 vision. Árg 2016, ek 34 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Tilboð 2.090 þús. Rnr.101267. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

**Bílamiðstöðin**
**Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 4500**

STÓRA BÍLASALAN



BMW 730 Dísel Árgerð 11/2008. Ekinn 150þ.km. Einn með ÖLLU! Bíll í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi. Toppeintak. Verð 6.490.000kr. Raðnr 135682. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

100bilar.is bílasala



VW Golf R -Line, 5/2015, sjsk, bensín, ek 59 þús km, topplúga, 18 tommu felgur, ogfl, ásett verð 3.350 þús, er á staðnum, raðnr 152500.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**


## Bílar til sölu



Subaru Legacy. Árgerð 2009, ek. 110 Þ.KM, sjálfskiptur, upphækkaður, dráttarkúla, bein sala. Verð 2.200.000 Uppl. Sími 665-6122 Hrafn

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

## Kerrur




Yfirbyggð kerra með lyftu, skráð og á númerum, burðargeta 1.tonn. Verð nú 950þ.stgr. Uppl. 820-5181

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Húsaviðhald

**Alhliða verktakar**
**Verkefni óskast**
**Almenn smíðavinna, inni sem og úti. Stór sem smá verkefni koma til greina.**
**Uppl. í s. 846 7622**




MITSUBISHI
**Colt 1.3**
Nýskráður 6/2006, ekinn 110 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 850.000**



PEUGEOT
**Partner**
Nýskráður 11/2007, ekinn 96 þús.km., dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 1.290.000**



RENAULT
**Captur Dynamic**
Nýskráður 2/2014, ekinn 38 þús.km., dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 2.890.000**



HONDA
**Jazz Trend**
Nýskráður 6/2016, ekinn 13 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.590.000**



HONDA
**CR-V Executive dísil**
Nýskráður 10/2015, ekinn 9 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.990.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 2/2008, ekinn 157 þús.km., bensín, sjálfskiptur, vel búinn, glæsilegur bíll.
**Verð kr. 2.500.000**



PEUGEOT
**307SW með glerþaki**
Nýskráður 9/2005, ekinn 118 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.190.000**



PEUGEOT
**Boxer**
Nýskráður 5/2015, ekinn 20 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 4.850.000**



SKODA
**Fabia Active**
Nýskráður 7/2015, ekinn 11 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.990.000**



SKODA
**Fabia Ambiente**
Nýskráður 8/2008, ekinn 105 þús.km. bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 990.000**

## Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Opið á laugardögum**
**milli kl. 12:00 og 16:00**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

**TRAUSTI** fasteignasala

Kristján Baldursson hdl. Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari 867-3040

Auðun Ólafsson Löggiltur fasteignasali S: 894-1976

## Gyðufell 16




**OPIÐ HÚS Í DAG FIMMUD. 15. SEPT. FRÁ KL. 17:30-18:00**

Björt og falleg 3ja herbergja íbúð á 4. hæð. Birt stærð íbúðar er 85 fm þar af geymsla 6,7 fm og yfirbyggðar svalir 5 fm. Í íbúðinni er nýlegt eldhús. Snyrtileg sameign.

**Verð: 25,9 millj.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

## Básbryggja 15

íbúð 301



Einstök íbúð að stærð 148,3 m²

Þrjú svefnherbergi, eitt þeirra mjög rúmgott

Gott eldhús opið inn í stofu

Mjög rúmgott baðherbergi

Fallegir boga gluggar sem setja mikinn svip á eignina

Verð: **48,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

sími: 845 8958 jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

FLJÓTSDALSHREPPUR

## Tillaga að deiliskipulagi Geldingafellssvæðis, í Fljótsdalshreppi

Sveitarstjórn Fljótdalshrepps samþykkti 06.09 2016, að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Geldingafellssvæðis, skv. 1.mgr. 41. gr Skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs og þjóðlenda í afréttareign. Markmið deiliskipulagsins er að bæta bæði aðstöðu landvarða og ferðamanna á svæðinu. Gera á ráð fyrir stækkun salernisaðstöðu og bættu aðgengi fyrir alla og að áin Blanda verði brúuð, eða settur upp kláfur. Einnig er gert ráð fyrir byggingu nýs skála fyrir landverði. Aðkoma að svæðinu er um veg að Kelduárlóni og síðan um 12 km slóða. Svæðið er í um 800 m hæð yfir sjávarmáli og 5,6 ha að stærð.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Fljótsdalshrepps í Végarði, og á heimasíðu Fljótsdalshrepps **www.fljotsdalur.is**, frá og með 16.09 2016 til 04.11 2016.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast á í síðasta lagi **04.11 2016**, annað hvort á skrifstofu Fljótsdalshrepps í Végarð, 701 Egilsstaðir, eða á netfangið fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is.

*Oddviti Fljótsdalshrepps*

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

## Lokað

Skrifstofa Eignamiðlunar verður lokuð eftir hádegi fimmtudaginn 15. september vegna jarðarfarar **Þorleifs Stefáns Guðmundssonar**, löggilts fasteignasala.

**EIGNAMIÐLUN**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

**Fyrirhuguð yfirfærsla líftryggingastofns**

Frá ReAssure Life Limited til ReAssure Limited.

**Nánari upplýsingar má finna á www.fme.is**

## STARFSMAÐUR

Í ÁFYLLINGU OG PÖKKUN

ORF LÍFTÆKNI

Made in Iceland BIOEFFECT

ORF Líftækni hf. leitar að starfsmanni í áfyllingu og pökkun.

Starfið felst fyrst og fremst í áfyllingu og pökkun á BIOEFFECT húðvörum félagsins. Einnig geta komið til ýmis verkefni tengd framleiðslu fyrirtækisins. Gera má ráð fyrir þróun á starfsemi félagsins og breytingum á starfinu í samræmi við það.




**Hæfniskröfur:**

- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður.
- Íslenskukunnátta
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Snyrtimennska
- Reykleysi

**Umsóknarfrestur er til 18.september.**

**Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið starf@orf.is**

**HRAFNISTA** HAFNARFIRÐI



# Hjúkrunarstjórnandi

**Leitum að metnaðarfullum hjúkrunarstjórnanda með brennandi áhuga á öldrunarhjúkrun og stjórnun.**

Starfs- og ábyrgðarsvið deildarstjóra er að hafa faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð á daglegum rekstri á deildinni. Um er að ræða 100% starf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Starfsreynsla í hjúkrun og stjórnun
- Viðbótarnám er kostur
- Góð þekking og reynsla af Rai-mælitækinu kostur
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar veitir Árdís Hulda Eiríksdóttir forstöðumaður Hrafnistu í Hafnarfirði í síma 693 9502 eða á netfanginu ardishulda@hrafnista.is

Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum.

Umsóknarfrestur er til 20. september nk.

das HRAFNISTA Reykjavík | Hafnarfjörður Kópavogur | Reykjanesbær

# Hvítabirnir og Umhverfisstofnun. Er nafnbreytingar þörf?



Birgir Guðjónsson
læknir, MRCP, FRCP, AGAF og fyrrverandi assistant professor við Yale-læknaháskólann

Enn hefur friðað dýr verið drepið á Íslandi án nokkurrar viðleitni til að forðast dráp.

Friðun hvítabjarna var nánast það eina sem Bandaríkjamenn og Rússar komu sér saman um í miðju kalda stríðsins. Síðar bættust Kanada, Grænland/Danmörk og Noregur í hóp þeirra landa sem telja þörf á vernd og funda reglulega um stöðu þessara mála.

Skipulagða skilgreiningu og verndun dýrategunda í útrýmingarhættu má rekja til CITES samningsins frá 1973 í Washington DC í Bandaríkjunum, sem Ísland er aðili að (þegar hentar!).

Á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna fyrir nokkrum árum í Kaupmannahöfn var hvítabjörninn talinn í slíkri hættu að hann var gerður að einkennistákni ráðstefnunnar með styttu úr ís og urðu fulltrúar Íslands að ganga fram hjá.

Á vefsíðu Umhverfisstofnunar um kynningu á CITES-samningnum um villt dýr í útrýmingarhættu er mynd af HVÍTABIRNI og hans getið í viðauka reglugerðar. Fyrsta setningin er eftirfarandi: Nær allar hættur sem steðja að hvítabirninum eru af mannavöldum.

Hættan á Íslandi er Umhverfisstofnun.

Áhugi minn á hvítabjörnum vaknaði við dvöl sem læknir í Meistaravík á Grænlandi sumarið 1962. Þangað komu Inúítar frá Scoresby-sundi með bjarnarhún sem varð eftir í námuþorpinu. Þetta var lítil birna sem kölluð var Hansína og varð að gæludýri okkar þorpsbúa. Hún var sem hvolpur og þótti gaman að leika sér með bolta og synda í læknum. Hansína var síðar flutt í dýragarðinn í Kaupmannahöfn og varð þar augnayndi gesta.

Fljótlega eftir heimkomu mína frá Bandaríkjunum árið 1974 eftir nokkurra ára námsdvöl var drepinn hvítabjörn á Íslandi og undraðist ég þá almenn viðhorf. Virtist lítið á þetta tignarlega dýr sem hættulegt meindýr. Þetta stangaðist mjög á við þau viðhorf sem fjölskyldan hafði kynnst í þjóð- og ríkisgörðum Bandaríkjanna þar sem oft hafði verið dvalið í helgar- og sumarleyfum. Þar voru birnir fangaðir sem gerðust ágengir, fluttir burtu og afar sjaldan fargað. Þetta er einnig gert í Churchill í Kanada þar sem nálægð hvítabjarna við mannabyggð er hvað mest. Ég taldi að þetta ætti einnig að vera kleift hér þó þekkingu hafi skort.

> **Á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna fyrir nokkrum árum í Kaupmannahöfn var hvítabjörninn talinn í slíkri hættu að hann var gerður að einkennistákni ráðstefnunnar.**

Kynnti ég það sem ég taldi vera nútíma- og alþjóðleg sjónarmið í grein í Mbl. í maí 1974 og mæltist til þess að Íslendingar reyndu að forðast óþarfa dráp á þessum tignarlegu dýrum, heldur fanga þau og koma aftur til heimkynna sinna eða í dýragarða.

Í einfeldni minni hélt ég eins og Guðmundur söng að: „Hraustir menn, finnast hér á landi enn,“ og tókst með tengingum bæði til Meistaravíkur/Danmerkur og Þjóðgarða Bandaríkjanna að afla upplýsinga og töldu viðmælendur að slíkt ætti að vera mögulegt hér sem annars staðar.

42 árum, 10 greinum og 10 dauðum björnum síðar hafa „hraustir menn“ enn ekki fundist, aðeins embættismenn sem leggja til dráp og „vísindamenn“ sem fagna hverju hræi og kryfja og segja frá með stolti að þau séu eins og fyrri dýr.

Umhverfisstofnum hefur aldrei reynt með skipulögðum undirbúningi að bjarga dýri sem hingað hefur hrakist og haldið því fram m.a. að:

a) hvítabirnir séu ekki í útrýmingarhættu. Það eru ekki margir svo hugrakkir (eða kannski fávísir) að ganga gegn sameiginlegum skoðunum Rússa og Bandaríkjanna.
b) dýrin séu stórhættuleg óargadýr og mannætur, jú, þau átu nokkra Íslendinga fyrir um 500 árum.
c) ítarlega hafi verið ráðgast við alla fræðimenn, (nema kannski þá sem best þekktu til og höfðu áhuga).
d) að það sé of dýrt. Slíkt hlýtur að vera afstætt, þegar heimshornaflakkandi ungur rostungur er fluttur heim með flugi og síðan með varðskipi til Grænlands (voru grænlensk stjórnvöld spurð um leyfi?). Þyrlur Landhelgisgæslunnar eru óspart notaðar til að finna birni til tortímingar. Ég vil gjarnan upplýsa að lifandi birnir eru ekkert þyngri dauðir.

Hvítabirnir eru með vinsælustu dýrum í dýragörðum um allan heim og sagt frá fæðingu húna. Dýragarðurinn í Kaupmannahöfn tilkynnti fyrir nokkrum árum að þar ætti að gera endurbætur á aðstöðu hvítabjarna sem mundu kosta 150 milljónir danskra króna. Frægasti einstakur björn seinni ára var Knútur heitinn í Berlín sem varð að alheimssjónvarpsstjörnu að leik við gæslumann sinn. Knút átti ég þess kost að heimsækja meðan hans naut við. Hann var uppáhald Berlínarbúa meðan hann lifði. Lát hans var fréttaefni í fjölmiðlun, einnig íslenskum.

Við dvalarstað Knúts var áberandi vel pússað látúnsskilti sem á stóð: Umhverfisráðuneyti Þýskalands er sérstakur verndari Knúts.

Dráp eins hvítabjarnar mun að sjálfsögðu ekki gera út af við stofninn né rýra frekar álit umheimsins á dýraviðhorfum Íslendinga, en hversu lengi ætlar Ísland að vera eina landið í heiminum sem kerfisbundið drepur hvítabirni?

# Það eru líka konur í fiskeldi!

Anna Vilborg Rúnarsdóttir
starfsmannastjóri
Iða Marsibil Jónsdóttir
skrifstofustjóri
Lilja Sigurðardóttir
gæðastjóri
Þóra Dögg Jörundsdóttir
gæðastjóri

Á dögunum var rætt við Orra Vigfússon í fréttum á Bylgjunni. Fór hann þar mikinn og sagði m.a. að fiskeldi skapaði eingöngu nokkur láglaunastörf fyrir karlmenn í takmarkaðan tíma, Íslendingar sæktu ekki í þessi störf og starfsemin gæti orðið baggi á sveitarfélögunum.

Okkur langar að svara þessum ósanngjörnu fullyrðingum í stuttu máli.

Það eru ekki mörg ár síðan heimabærinn okkar, Bíldudalur, var í mikilli vörn og í raun var stutt í að hér yrði ekki heilsársbyggð. Það kviknaði góður neisti þegar kalkþörungavinnslan hóf starfsemi en segja má að samfélagið hafi fyrst tekið stakkaskiptum þegar Arnarlax hóf starfsemi sína hérna á Bíldudal.

Fiskeldi hefur hleypt miklum krafti og bjartsýni í samfélagið á svæðinu. Nú iðar allt af lífi sem sést kannski best á því að leikskólinn og grunnskólinn á Bíldudal eru nánast fullsetnir. Einnig hefur verð á húsnæði tvöfaldast vegna mikillar eftirspurnar.

Það er jafnframt sérstaklega gaman að segja frá því að konur með mismunandi menntun, bakgrunn og reynslu hafa fundið fjölbreytt störf við hæfi hjá Arnarlaxi. Í stjórnendateymi fyrirtækisins eru konur m.a. í eftirtöldum stöðum: skrifstofustjóri, starfsmannastjóri, gæðastjórar og verkstjóri. Einnig starfa konur við skipsstjórn, vinnslu, fóðrun og vörubílaakstur. Hjá fyrirtækinu starfa í dag rúmlega 100 manns af fjölmörgum þjóðernum og eru nánast allir með fasta búsetu á svæðinu. Konur eru rúmlega fjórðungur starfsmanna. Í þessari upptalningu eru ótalin fjöldamörg afleidd störf sem skapast hafa með tilkomu Arnarlax á sunnanverða Vestfirði. Fiskeldi hefur þannig gert Bíldudal, Vesturbyggð og nágrenni að frábærum stað fyrir fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum sem vilja setjast hér að til frambúðar.

> **Fiskeldi hefur hleypt miklum krafti og bjartsýni í samfélagið á svæðinu. Nú iðar allt af lífi sem sést kannski best á því að leikskólinn og grunnskólinn á Bíldudal eru nánast fullsetnir. Einnig hefur verð á húsnæði tvöfaldast vegna mikillar eftirspurnar.**

Það þurfti ekki að byggja virkjun, stóriðju eða sökkva landi. Það þurfti ekki ríkisábyrgð, byggðakvóta eða stórfellda meðgjöf frá hinu opinbera. Það sem keyrði áfram þennan viðsnúning er að stórum hluta laxinn á sunnanverðum Vestfjörðum.

Þess vegna er stundum þreytandi að sitja endurtekið undir ósanngjarnri gagnrýni sem oft á tíðum kemur frá mönnum sem ekki hafa nokkurn áhuga á samfélaginu hérna eða því fólki sem hér býr.

Höldum áfram að ræða allar hliðar fiskeldis, kosti þess og galla því einungis þannig má bæta og byggja undir þessa mikilvægu atvinnugrein. En áður en við föllum í gamalkunnar skotgrafir er rétt að skerpa á nokkrum staðreyndum varðandi fiskeldið hjá Arnarlaxi:

Við notum ekki sýklalyf
Við notum ekki aflúsunarlyf
Við notum ekki erfðabreytt fóður
Við notum ekki kopar á netpokana til að koma í veg fyrir gróðursöfnun
Við erum ekki með erfðabreyttan fisk

Við leggjum mikla áherslu á að stunda fiskeldi í sátt við umhverfið, fólkið og samfélagið í heild

Að lokum viljum við hvetja alla til að heimsækja okkur hér í blíðuna á Bíldudal og sjá með eigin augum um hvað málið snýst.



# Auðvitað kláfferjuferðir upp á Esjuna…



Magnús H. Skarphéðinsson
skólastjóri Álfaskólans með meiru

Ég ætla bara rétt að vona að borgarstjórn Reykjavíkur heykist ekki á því að leyfa kláfferjuflutninga upp á Esjuna, eins og sótt hefur verið um. Gleðilegra og sjálfsagðara erindi hefur ekki komið lengi á borð borgaryfirvalda fyrir okkur gigtarvini heimsins. Því ljóst er að gigtaraðdáendur eins og ég eygja nú raunverulegan möguleika á að komast einhvern tíma í þessu jarðlífi upp á Esjuna. Að öðrum kosti er það líklega borin von.

Ég starfa sjálfur allnokkuð í ferðamennsku (rek m.a. Álfaskólann fyrir útlendinga og hef gert í 28 ár), og þekki vel hversu ólíkir þeir ferðamenn eru sem sækja okkur heim, og langanir og þarfir þeirra eru. Það er nauðsynlegt að hafa sem allra mesta og fjölbreyttasta þjónustu ef halda á þessari stóriðju okkar gangandi áfram sem ferðamannaiðnaðurinn er, og hafa af honum góðan arð – og gleði fyrir gestina sem ganga í bæinn. Enda sjálfsagðasta mál í heimi að ráðast í svona framkvæmdir. Ekki verður það mengunin eða hávaðinn sem okkur mun drepa í þessu máli.

Öruggt má telja að hundruð þúsunda ferðamanna og Íslendinga myndu fara upp á Esjuna á hverju ári á góðviðrisdögum til að berja Seltjarnarnesið augum sem meginhluti Reykjavíkurborgar stendur á, ef vel væri að verkefninu staðið, og verðinu yrði stillt í hóf. Að ég tali nú ekki um ef huggulegt kaffihús með stjörnuútsýni væri þar fyrir aðkomendur. Einnig mætti og þyrfti að hafa sýningaraðstöðu fyrir gesti sem sýndi jarðsögulega þróun svæðisins sem og Íslandssögulegt yfirlit yfir borgina og svæðin í kring. Ógleymanleg gæti slík ferð verið upp í þessar útsýnishæðir fyrir flesta sem þangað færu.

Sjálfsagt er að verða við ósk heimamanna um að hafa samkeppni um fyrirkomulag og staðsetningu svona mikillar framkvæmdar áður en nokkuð yrði ákveðið um útfærslu hennar. Því betur sjá augu en auga í þessu máli sem öðrum. En það er engin ástæða til að hlusta á nöldur og úrtöluraddir þeirra um sjónmengun eða álag á svæðið ef af yrði. Það minnir mig á kvartanirnar sem Strætó fékk alltaf og fær þegar nýjar biðstöðvar eru settar upp. Enginn vill hafa biðstöðina fyrir utan hjá sér, bara fyrir utan hús nágrannans. Helst ekki lengra í burtu en það.

> **Öruggt má telja að hundruð þúsunda ferðamanna og Íslendinga myndu fara upp á Esjuna á hverju ári á góðviðrisdögum til að berja Seltjarnarnesið augum sem meginhluti Reykjavíkurborgar stendur á, ef vel væri að verkefninu staðið, og verðinu yrði stillt í hóf.**

En það hefur ekkert upp á sig að koma svona mannvirki upp ef verðlagningin verður eitthvað í líkingu við okrið á sundsprettinum í Bláa lóninu. (Þar kostar sundspretturinn frá 5.400 krónum ódýrasta gjald fyrir fullorðna, og upp úr, allt að 26.500 krónur, fyrir eina heimsókn). – Það yrði að tryggja það með forsjá borgarinnar að verðinu yrði stillt í hóf í kláfinn og fyrir kaffisopann uppi á Esjunni svo almenningur geti átt þessa kost einnig. Annars getum við bara sleppt því að gefa leyfi fyrir þessari annars þörfu og góðu framkvæmd, ef bara ríkir túrhestar hefðu efni á þessum lúxus.

# MIKIÐ ÚRVAL FALLEGRA LEGSTEINA

UPPSETNING OG ÁLETRUN INNIFALIN Í OKKAR VERÐUM*



116-5
178.900 KR.
ÁÐUR: 267.200 KR.

2042
178.900 KR.
ÁÐUR: 267.200 KR.

2046
251.900 KR.
ÁÐUR: 340.200 KR.

2020
249.900 KR.
ÁÐUR: 388.200 KR.



116-5
178.900 KR.
ÁÐUR: 267.200 KR.

113
285.900 KR.
ÁÐUR: 374.200 KR.

2021
294.900 KR.
ÁÐUR: 383.200 KR.

589.000 KR.
ÁÐUR: 677.300 KR.



104
325.900 KR.
ÁÐUR: 414.200 KR.

118
305.900 KR.
ÁÐUR: 394.200 KR.

395.900 KR.
ÁÐUR: 484.200 KR.

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ ÁLETRAÐAN STEIN MEÐ UPPSETNINGU*

( AUKAHLUTIR Á MYNDUM ERU EKKI INNIFALDIR )

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## Öruggur sigur strákanna í Höllinni



**Vonin enn til staðar** Ísland heldur enn í vonina um að komast á EM 2017 í körfubolta eftir öruggan sigur, 84-62, á Kýpur í Laugardalshöllinni í gær. Aðeins sex stigum munaði á liðunum í hálfleik, 42-36, en í seinni hálfleik keyrði íslenska liðið yfir það kýpverska og tryggði sér sigurinn. Ísland á einn leik eftir í undankeppninni, gegn Belgíu á laugardaginn, en liðið þarf að vinna hann til að eygja von um að komast á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Á toppi tilverunnar í Portland

**Dagný Brynjarsdóttir, landsliðskona í fótbolta, telur sig vera á hátindi kvennaknattspyrnunnar hjá Portland Thorns. Hún fær þó engu ráðið um hvar hún spilar að ári en býst við að verða áfram hjá sama liði.**

**FÓTBOLTI** „Það er ekki alveg klárt að við förum á EM en ef við spilum vel þá fáum við þrjú stig,“ segir Dagný Brynjarsdóttir, miðjumaður íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, í viðtali við Fréttablaðið en stelpunum okkar nægir eitt stig í næstsíðasta leik liðsins í undankeppni EM 2017 á föstudaginn gegn Slóveníu. Ísland vann Slóveníu, 6-0, í fyrri leik liðanna en stelpurnar bóka engan stórsigur.

„Þegar við unnum þær 6-0 í fyrra var það síðasti leikur ársins og þá vorum við að toppa, en við spiluðum okkar besta leik. Ég held að 6-0 sigur þar gefi ekki alveg rétta mynd og segi að við eigum að rústa þeim heima en auðvitað komum við og spilum upp á sigur,“ segir Dagný.

### Stefnt á núllið

Stelpurnar okkar eru efstar í riðlinum með fullt hús stiga og hafa ekki enn fengið á sig mark. Tveir leikir eru eftir og viðurkennir Dagný að það væri gaman að halda sama dampi í varnarleiknum.

„Ég viðurkenni alveg að ég var ekkert farin að pæla í þessu fyrr en ég las þetta í fjölmiðlum. Auðvitað væri gaman að stefna á það í síðustu tveimur leikjunum að klára þetta á núllinu. Við reynum að spila eins góðan varnarleik og við getum þannig að ég held að við séum óbeint að stefna að því að halda hreinu út mótið,“ segir hún.

Íslenska liðið hefur spilað stórvel og rústað næstbestu liðum riðilsins með markatölunni 10-0. Liðið hefur tekið miklum framförum undanfarin misseri.

„Við höfum farið stigvaxandi sem lið og liðsheild síðan Freyr tók við. Núna er sami hópur búinn að vera saman í nokkur ár sem ég tel mjög mikilvægt. Við erum farnar að þekkja vel hver inn á aðra og spilum bæði varnarleikinn og sóknarleikinn sem liðsheild. Við vinnum hver fyrir aðra sem er rosalega mikilvægt,“ segir Dagný.

### Mögnuð miðja

Dagný er hluti af frábærri þriggja manna miðju íslenska liðsins en ásamt henni spila þar markahæsti leikmaður Íslands frá upphafi, Margrét Lára Viðarsdóttir, og hin eitilharða Sara Björk Gunnarsdóttir sem nýverið gekk í raðir eins besta liðs Evrópu.

„Það er frábært að spila með þeim. Þær eru báðar ótrúlega góðir leikmenn og Margrét Lára goðsögn í íslenskum fótbolta. Við erum búnar að spila svolítið marga leiki saman á miðjunni og erum farnar að þekkja hver aðra mjög vel. Ef við höldum allar áfram að bæta okkur verður miðjan og liðið bara sterkara,“ segir Dagný.

### Lífið ljúft í Portland

Draumur Rangæingsins rættist í byrjun árs þegar hún gekk í raðir Portland Thorns í Bandaríkjunum. Fótboltaáhuginn í Portland er einn sá allra mesti vestanhafs og liðið eitt það besta í bandarísku kvennadeildinni.

„Þetta er búið að vera frábært. Ég held að þetta sé hápunktur kvennaknattspyrnunnar. Við vorum með að meðaltali 16.000 manns á leik og vorum með fullt hús á síðasta leik. Ég get ekki ímyndað mér að einhvers staðar annars staðar sé betra að vera hvað varðar áhorfendur, aðstöðu og leikmannahópinn. Mér finnst þetta geðveikt og er rosalega ánægð þarna úti.“



> **Portland má gera það sem það vill við mig eftir tímabilið hvort sem mig langar að vera áfram eða ekki.**
>
> Dagný Brynjarsdóttir

En hvernig er lífið í Portland og hvað gerir atvinnukona í fótbolta þar?

„Ég bý með danskri landsliðskonu. Sumarið er búið að vera mjög gott og við höfum verið duglegar að liggja í sólbaði á sundlaugarbakkanum. Svo förum við að versla og einnig er margt að skoða þarna. Það eru margir stórir garðar og hægt að fara í fjallgöngur þannig að við gerum mikið af því,“ segir Dagný.

### Ræður sér ekki sjálf

Þó að Dagný telji sig vera á hátindi kvennaboltans hefur hún ekkert um það að segja í raun og veru hvar hún spilar á næsta ári. Þannig virkar einfaldlega bandaríska kerfið.

„Þegar ég skrifa undir samninginn er ég að skrifa undir samning við deildina en eins og er þá er Portland með réttinn á mér. Portland má gera það sem það vill við mig eftir tímabilið hvort sem mig langar að vera þarna áfram eða ekki. Það er alltaf hægt að skipta á mér og einhverjum öðrum leikmanni sem ég hef lítið um að segja. Eins og staðan er í dag þá reikna ég með því að vera áfram hjá Portland á næsta ári,“ segir Dagný Brynjarsdóttir. tomas@365.is

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**C-riðill**
**Man City - Gladbach 4-0**
1-0 Sergio Agüero (8.), 2-0 Agüero, víti (28.), 3-0 Agüero (77.), 4-0 Kelechi Iheanacho (90+1.).

**E-riðill**
**Tottenham - Monaco 1-2**
0-1 Bernardo Silva (15.), 0-2 Thomas Lemar (31.), 1-2 Toby Alderweireld (45.).

**Leverkusen - CSKA 2-2**
1-0 Admir Mehmedi (9.), 2-0 Hakan Calhanoglu (15.), 2-1 Alan Dzagoev (36.), 2-2 Roman Eremenko (38.).

**F-riðill**
**Real Madrid - Sporting 2-1**
0-1 Bruno César (48.), 1-1 Cristiano Ronaldo (89.), 2-1 Álvaro Morata (90+4.).

**Legia - Dortmund 0-6**
0-1 Mario Götze (7.), 0-2 Sokratis Papastathopoulos (15.), 0-3 Marc Bartra (17.), 0-4 Raphaël Guerreiro (51.), 0-5 Gonzalo Castro (76.), 0-6 Pierre-Emerick Aubameyang (87.).

**G-riðill**
**Club Brugge - Leicester 0-3**
0-1 Marc Albrighton (5.), 0-2 Riyad Mahrez (29.), 0-3 Mahrez, víti (61.).

**Porto - FCK 1-1**
1-0 Otavio (13.), 1-1 Andreas Cornelius (52.).
**Rautt spjald:** Ján Gregus, FCK (66.).

**H-riðill**
**Juventus - Sevilla 0-0**

**Lyon - D. Zagreb 3-0**
1-0 Corentin Tolisso (13.), 2-0 Jordan Ferri (49.), 3-0 Maxwell Cornet (57.)..

**Undankeppni EM 2017, A-riðill**

**Ísland - Kýpur 84-62**
**Stig Íslands:** Hlynur Bæringsson 18, Haukur Helgi Pálsson 15, Logi Gunnarsson 12, Kristófer Acox 10, Martin Hermannsson 8, Jón Arnór Stefánsson 7, Hörður Axel Vilhjálmsson 6, Brynjar Þór Björnsson 6, Elvar Már Friðriksson 2.

**ÁSDÍS REYNDI VIÐ METIN**



Ásdís Hjálmsdóttir, Íslandsmeistarinn í spjótkasti, freistaði þess í gær að bæta tvö Íslandsmet, í kúluvarpi og kringlukasti, en hafði ekki erindi sem erfiði. Ásdís kastaði kúlunni 16,06 metra og var 27 sentimetrum frá því að bæta Íslandsmetið. Ásdís kastaði kringlunni 45,30 m og var talsvert frá því að bæta Íslandsmet Guðrúnar Ingólfsdóttur (53,86 m). Ásdís reynir aftur við metin í Kaplakrika í dag.

## Í dag

**Pepsi-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 16.30 | ÍA - KR | Sport |
| 16.50 | Fylkir - FH | Sport 3 |
| 19.30 | Valur - Breiðablik | Sport |
| 22.00 | Pepsimörkin | Sport |
| 17.00 | Fjölnir - Þróttur | Extra-völlur |
| 17.00 | ÍBV - Stjarnan | Hásteinsvöllur |
| 17.00 | Vík. Ó. - Vík. R. | Ólafsvíkurv. |

**Evrópudeildin:**

| | | |
|---|---|---|
| 16.55 | Feyenoord - Man Utd | Sport 2 |
| 16.55 | Maccabi - Zenit | Sport 4 |
| 19.00 | Southam. - Sp. Prag | Sport 2 |
| 19.00 | Inter - Hapoel | Sport 3 |

**Olís-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Fram - ÍBV | Framhús |
| 19.30 | Haukar - Afturelding | Ásvellir |
| 19.30 | Akureyri - Grótta | KA-heimili |
| 19.30 | FH - Stjarnan | Kaplakriki |


ALLA DAGA
Í OPINNI DAGSKRÁ 18:55
ALLA DAGA KL. 18:55
Í OPINNI DAGSKRÁ
ÍÞRÓTTAFRÉTTIR
Öll helstu tilþrifin og mörkin!
Skotheldur sportpakki sem þú færð bara í kvöldfréttum Stöðvar 2
365.is | Sími 1817
365

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA

KAUP AUKA TILBOÐ
Frábær tvenna fyrir liðina
NUTRILENK GEL
Fylgir með...

Nutrilenk Gel Kaupauki

**5.759** kr. pk.

**Nutrilenk Gold**
Eitt mest selda efnið hér á landi fyrir þá sem þjást af verkjum og sliti í liðamótum. 180 töflur í glasi og fáðu Nutrilenk Gel sem kaupauka.

SVÖRT CHIAFRÆ

39kr verðlækkun

**359** kr. 400 g

**Bónus Chiafræ**
400 g - Verð áður 398 kr.

**298** kr. 1 kg

**Bónus Tröllahafrar**
1 kg

10.000 pokar á LÆGRA VERÐI

**359** kr. 500 g

**Bónus Kaffi**
500 g - Verð áður 398 kr.

**159** kr. 50 g

**Go On! Próteinbar**
Vanilla, 50 g

31kr verðlækkun

**198** kr. stk.

**Raw Rev Glo Orkubiti**
Hrástykki, 46 g, 3 teg.
Verð áður 229 kr.

**298** kr. 100 g

**Himneskt Súkkulaði**
Lífrænt, 100 g, 2 teg.

20kr verðlækkun

**279** kr. 1 l

**Almond Dream**
Möndlumjólk, 1 l
Verð áður 298 kr.

61kr verðlækkun

**398** kr. 750 ml

**Himneskt Eplaedik**
Lífrænt, 750 ml
Verð áður 459 kr.

LÉTTKOLSÝRÐUR KRISTALL

0,5L

**109** kr. 0,5 l

**Egils Kristall**
Mexican-Lime, 0,5 l

2L

**179** kr. 2 l

**Egils Kristall**
Sítrónu, 2 l

4x2L

**698** kr. 4x2 l

**Pepsi og Pepsi Max**
Kippa, 4x2 lítrar

**2.698** kr. 270 g

**Amino Energy Fæðubótarefni**
270 g, 8 teg.

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

**198** kr. 100 ml

**Colgate Tannkrem**
Regular, 100 ml

**359** kr. stk.

**Colgate Tannbursti**
360° Surround, 2 teg.

Verð gilda til og með 18. september eða meðan birgðir endast




**498** kr. kg

**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn




**498** kr. 330 g

**Ali Snitzel**
Foreldað, 330 g, 2 teg.

# GOTT VERÐ Í BÓNUS

ÍSLENSKT PEPPERONI




**395** kr. pk.

**Stjörnugrís Pepperoni**
180 g




**398** kr. 220 g

**Danskt Salami**
220 g




**298** kr. 120 g

**Bónus Skinka**
Silkiskorin, 2 teg.




**159** kr. pk.

**Hvítlauksbrauð**
2 stk. í pakka

NÝTT Í BÓNUS




**198** kr. 280 g

**Pizzadeig**
280 g, Ø 26 cm






**398** kr. 340 g

**Sollu Hnetusmjör**
Fínt eða gróft, 340 g

NÝ UPPSKERA




LÍFRÆNAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR

**398** kr. 500 g

**Akursel Gulrætur**
Lífrænar, 500 g



**795** kr. kg

**Vínber, græn og rauð**
Ný uppskera frá Ameríku

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
15. SEPTEMBER 2016 FIMMTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1967** Þjóðgarður er stofnaður í Skaftafelli.
**1972** Ásgeir Ásgeirsson, fyrrverandi alþingismaður, ráðherra, bankastjóri og forseti Íslands frá 1952 til 1968, andast, 78 ára að aldri.
**1981** Risalúða veiðist út af Rit á Vestfjörðum. Hún er 268 sentimetra löng og vegur yfir fjórðung úr tonni.
**1985** Sif Sigfúsdóttir er kjörin fegurðardrottning Norðurlanda, 17 ára gömul.
**1994** Helgi Áss Grétarsson verður heimsmeistari í skák í flokki 20 ára og yngri og jafnframt stórmeistari í skák.
**2000** Sumarólympíuleikar eru settir í Sydney.
**2008** Lehman Brothers, eitt stærsta fjármálafyrirtæki í heimi, verður gjaldþrota sem leiðir til bankahruns á Íslandi og víðar.




Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,
**Börkur Jóhannesson**
innanhússarkitekt,
lést á heimili sínu í Ósló aðfaranótt
12. september. Útför fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn
26. september kl. 13.00.

**Sólveig Guðjónsdóttir**
**Lísa Björk Barkardóttir** **Kenneth Borgerud**
**Brynjar Barkarson** **Kine Faldin**
**Borgar Faldin Brynjarsson og Fríða Faldin Brynjarsdóttir**
**Axel Borgerud Kennethss., Amanda Borgerud Kennethsd.**



Elskulegur bróðir okkar,
mágur og frændi,
**Kristján Már Ólafsson**
verður jarðsunginn frá Sólheimakirkju
föstudaginn 16. september kl. 15.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á
Styrktarsjóð Sólheima.

**Ólafur Haukur Ólafsson** **Sigurbjörg H. Gröndal**
**Ásdís Katrín Ólafsdóttir** **Pål O. Borgen**
**Sigríður Edda Ólafsdóttir** **Magnús Jón Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Sigurður Jósefsson**
frá Torfufelli,
lést á hjúkrunarheimilinu
Lögmannshlíð, Akureyri, fimmtudaginn
8. september. Útför hans fer fram frá
Akureyrarkirkju föstudaginn 23. september klukkan 13.30.

**Guðrún Sigurðardóttir** **Loftur Sigvaldason**
**Soffía Árnadóttir**
**Árni Sigurðsson** **Björg Brynjólfsdóttir**
**Jón Hlynur Sigurðsson** **Sigríður Steinbjörnsdóttir**
**Bjarney Sigurðardóttir** **Pétur H. Ágústsson**
**Sigrún Lilja Sigurðardóttir** **Einar Svanbergsson**
**Hólmfríður Sigurðardóttir** **Haukur Tryggvason**
**Sigurður Torfi Sigurðsson** **Ragnhildur Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,
**Guðrún Sigfúsdóttir**
frá Flögu í Vatnsdal,
verður jarðsungin frá Hvammstangakirkju föstudaginn 16. september kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök
Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.

**Sigríður Ívarsdóttir** **Ármann Olgeirsson**
**Sigfús Ívarsson** **Elísabet Halldórsdóttir**
**Halldóra Ívarsdóttir** **Páll Sigurðsson**
**María Ívarsdóttir** **Símon H. Ívarsson**
**Níels Ívarsson** **Jónína Skúladóttir**
**Ólafur Ívarsson** **Sigríður Fossdal**
**Hermann Ívarsson** **Dagbjört Jónsdóttir**
**Sigurður Ívarsson** **Ásdís Jónsdóttir**
**Guðrún Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**




**Þrímastra seglskipið Purquoi Pas? siglir út úr Reykjavíkurhöfn.** MYND/KARL CHRISTIAN NIELSEN/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Skætt sjóslys fyrir 80 árum

**Þess er minnst að 80 ár eru liðin síðan franska rannsóknarskipið Pourquoi-Pas? fórst við Mýrar og með því 40 manns, þar á meðal leiðangursstjórinn Jean-Baptiste Charcot.**

„Þetta var dramatískur atburður og vakti gríðarlega athygli bæði hér á Íslandi og ekki síður í Frakklandi. Leiðangursstjórinn Charcot var vissulega í hópi þekktustu vísindamanna þar á sínum tíma.“ Þetta segir Illugi Jökulsson rithöfundur um sjóslysið stóra fyrir 80 árum þegar franska rannsóknarskipið Purquoi-Pas? (Hversvegna ekki?) fórst við Álftanes á Mýrum og með því 40 manns. Illugi verður með hádegisfyrirlestur um það á morgun í Sjóminjasafninu á Grandagarði.

Illugi segir mörg skip hafa farist við Mýrar á fyrri tíð. „En það þótti merkilegt að svona þrautreynt skip eins og Purquoi-Pas? með svona þrautreynda áhöfn skyldi lenda í því,“ segir hann og bætir við: „Charcot hafði komið oft til landsins, var þekktur hér og virtur vel. Ég ætla að segja svolítið frá ævi hans og rekja það sem ég veit um þessa síðustu siglingu skipsins.“

> **En það þótti merkilegt að svona þrautreynt skip eins og Purquoi-Pas? með svona þrautreynda áhöfn skyldi lenda í því.**
>
> Illugi Jökulsson, rithöfundur



Franska sendiráðið, Háskóli Íslands og Vináttufélag Charcots og Pourquoi-Pas? standa einnig að viðburðum, í samstarfi við afkomendur Charcots sem hingað fjölmenna af þessu tilefni. Nú í dag klukkan 10 er athöfn í Straumfirði á Mýrum og í kvöld forsýning á nýrri heimildarmynd um Charcot í Alliance française, Tryggvagötu 8. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir en myndin er á frönsku og ekki textuð. Á morgun klukkan 10 er svo minningarmessa í Landakotskirkju. **gun@frettabladid.is**

# Rússneskir kvikmyndadagar hefjast í dag

Í dag hefjast rússneskir kvikmyndadagar í Bíói Paradís og eru þeir haldnir í samstarfi við sendiráð Rússneska sambandsríkisins á Íslandi, menningarmálaráðuneyti Rússlands og Northern Travelling Film Festival.

Það er mjög mikilvægt að halda rússneska daga – maður sér þessar myndir ekkert í bíó, þetta eru handvaldar gæðamyndir sem eru nútímalegar og „current“. Við erum með menningarfulltrúa, hún er rússnesk og ráðleggur okkur í vali á myndum – þannig að við getum ábyrgst að þetta eru gæðamyndir,“ segir Ása Baldursdóttir, dagskrárstjóri í Bíói Paradís.

Þetta er í fjórða sinn sem þessi hátíð er haldin og nú eins og áður verður í boði allt það besta í rússneskri kvikmyndagerð. Þarna eru í boði ákaflega fjölbreyttar verðlaunamyndir og auk þess verður leikstjórinn Mikhail Kosyrev-Nesterov viðstaddur sem heiðursgestur, en hann leikstýrði myndinni Journey to the Mother sem er opnunarmynd hátíðarinnar og hefur hlotið fjöldamörg verðlaun á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum.

Það er frítt inn á allar sýningar á hátíðina og allir velkomnir.



**Ása Baldursdóttir, dagskrárstjóri í Bíói Paradís.**




Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
**Brynhildur Ingibjörg Matthíasdóttir**
Klapparstíg 1, Reykjavík,
lést á Landspítalanum mánudaginn
12. september.
Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni
mánudaginn 19. september kl. 13.00.

**Eggert Ólafur Eggertsson**
**Matthías Eggertsson** **Marizelda Eggertsson**
**Jóhanna Katrín Eggertsdóttir** **Halldór Jóhannesson**
**Katrína Eggertsson**
**Eggert Halldórsson**
**Brynjar Halldórsson**
**Þórunn Halldórsdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Hallfríður Petra Ólafsdóttir**
tannsmiður og fv. bankaritari,
Borgarholtsbraut 35, Kópavogi,
lést á Hrafnistu Hafnarfirði 8. september sl.
Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn
16. september kl. 13. Þeim sem vildu minnast hennar
er bent á minningarsjóð FAAS, Félags aðstandenda
Alzheimerssjúklinga.

**Ægir Jens Guðmundsson** **Linda Brá Hafsteinsdóttir**
**Jónas Þröstur Guðmundsson** **Þóra Bryndís Árnadóttir**
**Sigríður Hrund Guðmundsd.** **Skúli Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


HÁRTÆKJADAGAR
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
ÖLL HÁRSNYRTITÆKI Á 20-50% AFSLÆTTI
Öll Babyliss, Philips, Remington, Vidal Sasson og Revlon hártæki á góðum afslætti.
Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup!
LÝKUR UM HELGINA!
SLÉTTUJÁRN • BYLGJUJÁRN • HÁRKLIPPUR • KRULLUJÁRN • NEFHÁRASNYRTAR • BLÁSARAR • HITABURSTAR • RAKVÉLAR • KEILUJÁRN • HITARÚLLUR • HÁRSNYRTAR OG MARGT FLEIRA
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Austan- og suðaustanátt í dag og nokkuð vindasamt, einkum við suðurströndina, en fer að lægja seinni partinn. Víða rigning, en þurrt fram eftir degi norðaustan til á landinu. Hiti 7 til 14 stig.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 9° | 11° |
| ↑4 | ↑2 | ↗4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 10° | 5° |
| ↑7 | ←4 | ←2 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 8° | 10° |
| ↑6 | ↗7 | ↗4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 5° |
| ↑2 | ←3 | ↑7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. aldinlögur
6. frá
8. blóðhlaup
9. ískur
11. núna
12. tóm
14. laust bit
16. í röð
17. berja
18. málmur
20. fæddi
21. traðkaði

**LÓÐRÉTT**
1. þraut
3. umhverfis
4. skordýr
5. traust
7. fréttir
10. gljúfur
13. tangi
15. mylsna
16. besti árangur
19. holskrúfa



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** must, **6.** af, **8.** mar, **9.** urg, **11.** nú, **12.** neind, **14.** glefs, **16.** mn, **17.** slá, **18.** eir, **20.** ól, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** raun, **3.** um, **4.** sandfló, **5.** trú, **7.** fregnir, **10.** gil, **13.** nes, **15.** sáld, **16.** met, **19.** ró.

### Skák Gunnar Björnsson

Fricker átti leik gegn De Vita í Catanzaro árið 1979.

**Hvítur á leik**
**1. Bb7+! Dxb7 2. De8+ Ka7 3. Bd4+ 1-0. 3...Ka6** er svarað með **4. Da4#.** Ólympíuskákmótinu í Bakú lauk með sigri Bandaríkjanna í opnum flokki og Kínverja í kvennaflokki.
**www.skak.is** Allt um Ólympíumótið.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





2016 2017 TJARNARBÍÓ

SÝNINGAR UM HELGINA

Kvenfélagið Garpur
SÝNIR
**Sóley Rós ræstitæknir**
UMRÆÐUR Á EFTIR
FIM. 15. SEP. KL. 20:30 &
LAU. 17.SEP. KL.20:30

Dance For Me
SÝNIR
**Stripp**
LOKASÝNING
FÖS. 16.SEP. KL.20:30

Fidget Feet og Bíbí & Blaka
SÝNIR
ATH! AÐEINS EIN SÝNINGARHELGI
**Fjaðrafok**
FRUMSÝNING FÖS. 17.SEP. KL.14:00
SUN. 18.SEP. KL.11:00 / 15:00

SUN. 18.SEP. KL.20:30
Kriðpleir
SÝNIR
**Krísufundur**

@Tjarnarbio
#tjarnarbio

TJARNARBIO.IS


AFMÆLIS
VEISLA
10 ÁRA AFMÆLISVEISLA Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS*
20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 149.990
3 LITIR
SILKI SKORIÐ ÁLBAK:)
NÝ KYNSLÓÐ VAR AÐ LENDA!
3 DAGA TILBOÐ
55TV
E5-575G
NÝJASTA 2017 KYNSLÓÐ FARTÖLVA
Lúxusútgáfa með silkiskorið álbak og sjöttu kynslóð Intel örgjörva, öflugra þráðlausu neti, hraðari SSD disk, TrueHarmony hljóðkerfi og nýjasta USB-C
• Intel Core i5-6200U 2.8GHz Turbo 4xHT
• 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
• 256GB SSD M.2 - Enn hraðari ný kynslóð
• 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
• 2GB GeForce GT 940MX leikjaskjákort
• 2.0 TrueHarmony 4W RMS hljóðkerfi
• 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.1
• 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
• Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum
acer
129.990
FÆST Í 3 LITUM
P20E
E5-573G
• Intel Pentium Dual Core 3558U 1.7GHz
• 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 256GB SSD ofur hraður diskur
• 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
• 2GB GeForce GT 920M leikjaskjákort
• 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
• 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
• 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
• Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum
99.990
FRÁBÆR Í SKÓLANN!
AFMÆLIS TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 19.990
ÞESSI GERIR ALLT
brother at your side
J4120DW
• Hágæða þráðlaust A4/A3 fjölnotatæki
• Prentar allt að 18 bls/mín, 16 bls/mín í lit
• 4 hagkvæm hylki, fáanleg allt að 1200 bls
• 6000x1200 dpi prentari og 2400 dpi skanni
• 150 bls A4 bakki og A3 bak-matari
• Duplex sjálfvirk tvíhliða prentun, 6bls/mín
• 4.5cm lita snertiskjár fyrir allar aðgerðir
• Þráðlaust WIFI / Airprint / Cloud Print
• USB 2.0 tengi, PC, MAC og LINUX
15.990
HINN FULLKOMNI PRENTARI!
M7410
4G DUAL SIM TEKUR SÍMKORT FRÁ ÖLLUM SÍMFÉLÖGUM
4G LTE
GPS
7"MOBII
• 7" IPS fjölsnertiskjár 1024x600
• Quad Core 1.3GHz A53 64-bit örgjörvi
• Hexa Core Mali T720 DX11 3D skjákjarni
• 8GB flash og allt að 32GB microSD
• 4G-LTE, 300Mbps WiFi, BT 4.0, GPS
• Li-Polymer rafhlaða allt að 4 tímar
• USB2 micro og microSD kortalesari
• 2x vefmyndavélar 2MP FHD og 0.3MP
• Android 5.1 Lollipop og fjöldi forrita
12.990
FYRIR POKÉMON GO!
AFMÆLIS TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 49.990
TENGDU ALLT 2x HDMI TENGI:)
GC2870H
BenQ
28"VALED
FULL HD SKJÁR
• 28" VA-LED FHD 1920x1080 skjár
• 3000:1 native skerpa og True 8-bit litir
• 5ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
• Flicker-free og Low Blue Light tækni
• 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
• Einstök myndgæði með Wide Color Gamut
• 2x HDMI 1.4, VGA, HDMI kapall fylgir
34.990
22" 24.990 | 24" 27.990
NÝ SENDING LENT!
3 LITIR
SOS HNAPPUR SENDIR BOÐ Í SÍMA FORELDRA!
WONLEX
MICRO SIM VIRKAR MEÐ ÖLLUM SÍM KORTUM:)
GW100
GPSKRAKKAÚR
ENGAR ÁHYGGJUR MEÐ WONLEX!
Bráðsniðugt og vandað GPS krakkaúr með 1.22" LED lita snertiskjá, SOS takki fyrir neyðar-símtal og SMS sendingu með staðsetningu.
• 1.22" lita LED snertiskjár
• Allt að 10 símanúmer í símaskrá
• Hægt að velja 3 SOS símanúmer
• Með innbyggðri vekjaraklukku
• Viðvörun kemur í síma ef úr er tekið af
• Hægt að skoða ferðir barnsins yfir daginn
• GEOgirðing varar við ef úr fer út fyrir svæði
• Allar aðgerðir stjórnast úr síma foreldra
• App í boði fyrir IOS og Android
9.990
WONLEX GPS KRAKKAÚR
AFMÆLIS TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 29.990
KURBIS
19.990
THONET & VANDER
Bluetooth
2.0 HLJÓÐKERFI
50% AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 11.990
TPL408E2K
5.995
Ertu í vandræðum með þráðlausa netið?
TRENDnet
NET YFIR RAFMAGN
PS4 STÝRIPINNI FYLGIR
500GB
59.990
PS4
PLAYSTATION 4
AFMÆLIS TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 34.990
ENZO
29.990
4 LITIR
Arozzi
LEIKJASTÓLAR
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:00
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR Í SEPTEMBER
acer Lenovo hp KOSS BenQ THONET & VANDER state.of.the.art.sound Microsoft intel Security
15.September 2016 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
*Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016



Þrjóskublesinn Ove hefur sína skoðanir á hlutunum. Siggi Sigurjóns mun koma þeim til skila á sviði Kassans í Þjóðleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Það er einhver Ove í okkur öllum

**Sigurður Sigurjónsson leikari tekst nú á við hugarheim manns sem heitir Ove. Bók um þann mann fór sigurför um heiminn og Siggi ætlar að frumsýna leikgerðina í Kassanum í Þjóðleikhúsinu á laugardaginn.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þegar mér var boðið þetta hlutverk þurfti ég ekki lengi að hugsa mig um. En það er dálítill pakki að opna, hafandi þekkt bókina fyrir," segir Siggi Sigurjóns sem frumsýnir einleikinn Maður sem heitir Ove nú á laugardaginn í Kassanum.

Hann tekur fram að bókin rúmist ekki öll uppi á sviði. „Það er bara tekin ákveðin lína og ég er fyrst og fremst að túlka leikgerð sem unnin hefur verið upp úr bókinni. Eflaust eru margir búnir að ímynda sér hvernig Ove er – og ég líka – þetta verður mín nálgun. Það er klisja að segja það en þetta er sjálfstætt listaverk, unnið upp úr bók, og hún fer alveg prýðilega ofan í kokið á mér, þessi leikgerð."

**ÞAÐ SEM ER FYRST OG FREMST HEILLANDI VIÐ AÐALPERSÓNUNA ER HVAÐ HÚN ER HRYLLILEGA ÓÞOLANDI EN LÍKA HVAÐ HÚN ER SJARMERANDI OG GÓÐ MANNESKJA.**

Það sem er fyrst og fremst heillandi við aðalpersónuna er hvað hún er hryllilega óþolandi en líka hvað hún er sjarmerandi og góð manneskja, að sögn Sigga. „Ég held að margir geti speglað sig í Ove þó þeir vilji ekki viðurkenna það. Það er einhver Ove í okkur öllum inn við beinið, að minnsta kosti er fullt af Ove í mér. Það kemur líka í ljós hvaða mann hann hefur að geyma þegar upp er staðið."

Sýningin er um 70 mínútur og án hlés. Bjarni Haukur er leikstjóri en Siggi er einn á sviðinu og mun túlka ýmsar aðrar persónur en Ove. Nágrannarnir koma mikið við sögu enda fjallar leikritið fyrst og fremst um samskipti Ove við þá. „Þetta hefur verið skemmtileg glíma en erfið. Þótt ég sé alvanur að læra texta er þetta óvanalega stór skammtur í einu. Svo hef ég verið svolítið einmana á sviðinu en það verð ég hins vegar ekki þegar áhorfendur eru komnir í salinn, þá er aðalmótleikari minn mættur og um það snýst leikhúsið."

En minnir hlutverkið Sigga á eitthvað annað sem hann hefur fengist við. „Nei, þetta er nú eiginlega nýr litur í regnbogann minn á ferlinum og það er voða gaman."

## Leggur áherslu á litrík æskuár Mozarts og Liszts

Anna Málfríður Sigurðardóttir píanóleikari leikur verk eftir Mozart og Liszt í Hannesarholti við Grundarstíg á laugardaginn klukkan 13.30 og fjallar líka um tónskáldin og verkin sem leikin verða. „Ég verð með sambland af tónleikum og sögustund," segir hún. „Í frásögninni mun ég leggja áherslu á æskuár tónskáldanna sem voru litrík og ævintýraleg og varpa ljósi á það þegar þeir þróast úr undrabörnum yfir í þroskaða listamenn."

